FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
85. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 10. APRÍL 2017

EKKI
GEFAST
UPP.
ÞAÐ ER
HÆGT.
EF ÞÚ HEFUR PLAN.

# GERÐU ÞITT PLAN Í DAG!

Allir vita að það er erfitt að kaupa fyrstu íbúð í dag.
En þú hefur val um að gefast upp fyrir vandamálinu eða bretta upp ermar, skoða hlutina upp á nýtt og gera plan.

**Pantaðu viðtal á islandsbanki.is, hringdu í 440 4000 eða komdu í útibú okkar allt í kringum landið.**

Saman getum við gert plan strax í dag.

**Útibú á höfuðborgarsvæðinu:**
Granda / Laugardal / Höfða / Norðurturni / Hafnarfirði

**Útibú á landsbyggðinni:**
Reykjanesbæ / Akranesi / Ísafirði / Akureyri / Húsavík / Egilsstöðum
Reyðarfirði / Vestmannaeyjum / Selfossi

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

85. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 10. APRÍL 2017


## Taka hluta af ávinningnum frá skólunum

**Samkvæmt fjármálaáætlun munu stjórnvöld ekki standa við fyrirheit um að framhaldsskólarnir haldi að fullu fjárhagslegum ávinningi af styttingu framhaldsskólans. Skólameistarar Borgarholtsskóla og MA lýsa vonbrigðum yfir niðurstöðunni.**

**MENNTUN** „Þetta eru náttúrlega gríðarleg vonbrigði. Það er ekkert öðruvísi,“ segir Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla.

Í nýrri fjármálaáætlun ríkisins, fyrir árin 2018-2022, er gert ráð fyrir að framlög ríkisins til framhaldsskólanna lækki samanlagt um 630 milljónir. Þar segir að umtalsverður sparnaður verði í framhaldsskólakerfinu vegna styttingar námstíma til stúdentsprófs úr fjórum árum í þrjú og það útskýri lægri framlög til málaefnasviðsins.

Í fjármálaáætlun áranna 2017 til 2021 var hins vegar áætlað að „allur sá sparnaður sem muni falla vegna styttingarinnar muni haldast innan kerfisins og fari í að efla framhaldsskólastigið enn frekar.“

Ársæll segir að verið sé að hafa af skólunum hluta af þeirri hagræðingu sem skólunum hafi verið gert að ná með styttingu framhaldsskólans úr fjórum árum í þrjú. „Það er verið að taka út úr framhaldsskólunum að einhverjum hluta þann ávinning af þeim breytingum sem kennarar, stjórnendur og aðrir hafa farið í gegnum,“ segir Ársæll. „En þetta er bara pólitísk stefna og við vinnum þá bara eftir henni, við stjórnendur framhaldsskólanna,“ bætir hann við.

Jón Már Héðinsson, skólameistari Menntaskólans á Akureyri, tekur undir með Ársæli. „Það er alveg ljóst að það er ekki verið að standa við það sem lagt var upp með í sambandi við þriggja ára námið,“ segir hann.

**630**

**milljóna lækkun verður á framlögum til skólanna.**

> **Þetta eru náttúrlega gríðarleg vonbrigði. Það er ekkert öðruvísi.**



Ársæll Guðmundsson, skólameistari Borgarholtsskóla

Jón Már segir þetta vera vonbrigði. „Frá 2008 var búið að hagræða verulega mikið í framhaldsskólunum til þess að endar næðu saman og þess vegna eru veruleg vonbrigði að fá þetta ofan á það,“ segir Jón Már.

Í fjármálaáætluninni kemur fram að þrátt fyrir lækkun á framlögum til framhaldsskólastigsins aukast útgjöld á hvern nemanda um sem nemur 3–5% á ári að raunvirði. Sú lækkun er einkum til komin vegna fækkunar nemenda vegna styttingar náms til stúdentsprófs. – jhh




**Þúsundir manna söfnuðust saman á Sergelstorgi í miðborg Stokkhólms í gær og minntust fórnarlamba hryðjuverkaárásarinnar sem framin var á föstudag.** NORDICPHOTOS/AFP

## Ákæra vegna manndráps verður þingfest í dag

**DÓMSMÁL** Ákæran yfir Thomasi Møller Olsen, sem ákærður er fyrir að hafa banað Birnu Brjánsdóttur, verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í dag.

Honum var birt ákæran á fimmtudag. Í ákærunni er maðurinn sakaður um að hafa veist að Birnu með ofbeldi í Kia Rio-bifreið. Síðan hafi hann varpað henni í sjó eða vatn.

Hinn maðurinn sem handtekinn var vegna gruns um aðild að málinu en síðar látinn laus eftir tæplega tveggja vikna gæsluvarðhald fékk fyrir helgi bréf þess efnis að málið gegn honum yrði látið niður falla.

„Það er fellt niður á þeim grunni að það teljist ekki líklegt til sakfellingar,“ segir Unnsteinn Örn Elvarsson, verjandi hans. Hann segir skjólstæðing sinn óðum vera að jafna sig eftir málið og vera farinn á sjó aftur. „Hann fór fyrst í vinnu fyrir rúmri viku. En það var búið að fresta því að hann mætti í vinnu af því að hann var ekki í stakk búinn til þess. Hann er eflaust ekki hundrað prósent en þó betri.“

Unnsteinn segir skjólstæðing sinn hafa gefið skýrslu áður en hann yfirgaf landið en minnir á að hann hafi lýst sig viljugan til þess að koma og gefa skýrslu ef eftir því yrði kallað. „Það er ekkert sem stoppar það annað en að hann er í vinnu úti á sjó.“

Unnsteinn segist ekki hafa rætt við skjólstæðing sinn um hugsanlega málssókn á hendur íslenska ríkinu vegna handtökunnar og gæsluvarðhaldsins frá því að hann fór af landi brott. – jhh/sjá síðu 10

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um árásina á saklausa borgara í Svíþjóð. 13

**SPORT** Stjarnan deildarmeistari í Olís-deild kvenna. 16

**LÍFIÐ** Geimurinn er í aðalhlutverki í nýjustu verkum bræðranna Úlfs og Halldórs Eldjárn. 34

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Suðaustanátt og slydda eða snjókoma sunnan- og vestantil. Rigning við suðvesturströndina. Dálítil snjókoma norðan- og austanlands SJÁ SÍÐU 22

# Grunur um ólöglegar rannsóknir




Rannsóknarskipið Seabed Constructor við bryggju í Reykjavík. Grunur er um að skipið hafi stundað ólöglegar rannsóknir í lögsögu Íslands. „Við fengum óljós og misvísandi svör og sáum því ástæðu til að kanna málið frekar,“ sagði Georg Kr. Lárusson, forstjóri Gæslunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Milljónir manna í hættu

**AFRÍKA** Hungursneyð ríkir nú í Suður-Súdan og að auki eru Jemen, Nígería og Sómalía á barmi hungursneyðar. Ástandið er það versta frá stofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir rúmum 70 árum, segir í tilkynningu frá UNICEF á Íslandi sem hefur í dag neyðarsöfnun fyrir vannærð börn á þessum stöðum.

„Þegar hafa fjölmargir hér á landi stutt við neyðaraðgerðir UNICEF í Suður-Súdan og það veitir okkur von að finna þann mikla stuðning. Þar sem hungursneyð vofir nú yfir í þremur ríkjum til viðbótar höfum við ákveðið að blása til sérstakrar neyðarsöfnunar til að bregðast við þessum fordæmalausu aðstæðum,“ segir Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi.

Nærri 1,4 milljónir barna eru í lífshættu í löndunum fjórum og gætu dáið af völdum alvarlegrar vannæringar. Alls ógnar hungursneyð nú lífi allt að 20 milljóna manna. Hægt er að styrkja söfnunina með því að senda sms-ið BARN í nr. 1900 og verða þá gjaldfærðar 1.000 krónur. – jhh

## KS hagnast um 1,3 milljarða

**VIÐSKIPTI** Hagnaður Kaupfélags Skagfirðinga á síðasta ári var 1.367 milljónir króna. Frá þessu er greint í Feyki en aðalfundur Kaupfélagsins fór fram um helgina í matsal Kjötafurðastöðvarinnar á Sauðárkróki.

Þórólfur Gíslason kaupfélagsstjóri sagði á fundinum að rekstur á síðasta ári hafi verið sambærilegur og árið 2015.

Heildartekjur kaupfélagsins lækkuðu lítið milli ára og voru 31,2 milljarðar árið 2012. Þá var rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði 4,2 milljarðar sem er sama tala og árin 2015 og 2014.

Laun og launatengd gjöld voru 7,5 milljarðar króna á síðasta ári. Eigið fé, ásamt hlutdeild minnihluta, nam 27,8 milljörðum króna í árslok. – þea

## Fjöldamótmæli víða í Serbíu

**SERBÍA** Hundruð þúsunda hafa mótmælt kjöri Aleksandars Vucic, nýs forseta Serbíu, frá kosningunum sem fóru fram 2. apríl síðastliðinn. Var gærdagurinn engin undantekning og greindi Independent frá því að þúsundir hefðu barið í potta og pönnur fyrir utan stjórnarráðshús Serbíu.

Tveggja umferða kosningakerfi er í Serbíu en ekki þurfti að kjósa tvisvar þar sem Vucic fékk 55 prósent atkvæða í fyrstu umferð. Næstflest atkvæði fékk Sasa Jankovic, sextán prósent.

Samkvæmt AP eru flestir mótmælenda nemar. Telja mótmælendur flokk Vucic, SPP, spilltan og hafa hagrætt kosningunum með því að koma í veg fyrir að ríkisfréttastofan RTS upplýsti almenning.

Þá segir í frétt Independent að mótmælendur telji sig ekki fá fjölmiðlaathygli sem skyldi og fjölmiðlar hundsi mótmælin vísvitandi. – þea

# Setur upp sýningu á gamla berklahælinu

**Stefnt er að opnun á setri um sögu berklanna í maí 2018. Frumkvöðullinn að baki setursins tekur þátt í viðskiptahraðlinum Startup Tourism. Hún segir gaman fyrir ferðamenn að kynnast líka erfiðleikum í sögu lands.**

**VIÐSKIPTI** „Þetta er þannig að ég ætla að opna í maí 2018 setur um sögu berklanna, annars vegar sýningu og hins vegar kaffihús sem verður í anda fjórða áratugar síðustu aldar. Þetta verður á Kristnesi sem er dásamlegur staður, tíu kílómetra sunnan við Akureyri. Þar var annað berklahæli landsins reist árið 1927,“ segir María Pálsdóttir, leikkona og frumkvöðull.

„Þetta eru æskustöðvarnar mínar. Hugmyndin kviknaði þegar ég var að rölta þarna um og sá hvernig hlutirnir voru aðeins að drabbast niður. Ég ákvað að gera eitthvað í málunum,“ segir María.

Hún segir sögu berklana einstaklega merkilega og er hún búin að sökkva sér ofan í hana síðastliðið árið. „Þetta er stórmerkilegur tími og svakalegur sjúkdómur sem geisaði hérna snemma á 20. öldinni. Engin lyf voru til fyrr en upp úr miðri öldinni. Fólk var tekið og sett í einangrun, margir voru ungir og vissu ekki hvort þeir næðu þrítugs aldri,“ segir María.

Sýningin mun vera upplifunartengd. „Ég vil hafa þetta meira eins og leikhús, að fólk gangi inn í einhvern heim. Það verða sjónrænar lausnir, myndir, myndupptökur, og hljóðheimur. Markmiðið er að fræða fólk um þennan sjúkdóm og segja þessar persónulegu sögur sem eru margar magnaðar,“ segir María.

Hún hefur stofnað Facebook-síðu í kringum setrið og biðlar til fólks sem hefur áhugaverða sögu að segja af ættingjum með berkla, eða á ljósmyndir eða muni frá berklatímanum, að hika ekki við að senda skilaboð. „Mér eru endalaust að berast ábendingar og það er dásamlegt, þetta tengist eiginlega inn í allar fjölskyldur landsins.“



María Pálsdóttir að setja sig í spor hjúkrunarkonu frá tímabilinu. MYND/AÐSEND

María tekur þátt í viðskiptahraðlinum Startup Tourism um þessar mundir, en þeim tíu vikna hraðli lýkur í lok mánaðarins. Hún segir það mjög gott að hafa aðgang að öðrum í sömu sporum, sem og leiðbeinendunum sem koma að hraðlinum. „Við erum öll með margar sömu spurningarnar og svipuð vandamál til að leysa. Ég er búin að hitta fullt af frábæru fólki sem er búið að hjálpa mér.“

María leitar nú eftir fjárfestum inn í verkefnið en þann 28. apríl stendur Startup Tourism að opnum fjárfestadegi þar sem hægt verður að hlusta á kynningar allra teymanna.

saeunn@frettabladid.is

### Á meðal verkefna í Startup Tourism í ár

- Traustholtshólmi: Einstök eyja í Þjórsá sem verið er að þróa sem sjálfbæran og umhverfisvænan áfangastað
- Coldspot: Boðar nýjan ferðamáta, hver ferð verður einstakt sambland af líkamlegri áskorun, ferðalagi inn á við, mögnuðum upplifunum í náttúru, og stafrænni afeitrun
- Bergrisi: Hugbúnaðurinn Álfheimar sem heldur utan um rafræn viðskipti
- Arctic Trip: Nýstárlegar og samfélagslega ábyrgar ferðir á og við Grímsey



# Við fjölgum hagkvæmum íbúðum



**300** ÍBÚÐIR SELDAR

**1.300** ÍBÚÐIR Í ÞRÓUN

**250** ÍBÚÐIR Á ÁRI

Upphaf fasteignafélag er eitt umsvifamesta fyrirtæki í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Íslandi. Á næstu fimm árum verða þróaðar og byggðar yfir **1.300 nýjar íbúðir** sem ætlaðar eru litlum og meðalstórum fjölskyldum.

Markmið Upphafs er að byggja yfir **250 hagkvæmar íbúðir** á ári. Við viljum auka framboð á íbúðamarkaði.

Upphaf er í eigu Novus, fagfjárfestasjóðs í rekstri hjá GAMMA Capital Management.

Upphaf

519 3300 | www.upphaf.is
Garðastræti 37, 101 Reykjavík

# Stúdentar opna dyr að ferðaþjónustu

**STÚDENTAR** „Við ákváðum að reka þetta sjálf til að geta sinnt háskólasamfélaginu betur. Við höfum verðlagningu eins lága og mögulegt er eins og í öllum okkar rekstri," segir Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi Félagsstofnunar stúdenta sem hefur rekstur hostels á Gamla Garði í sumar.

Hótel hefur verið rekið í Gamla Garði í mörg ár og hefur FS hingað til fengið aðila innan hótelgeirans til að sjá um reksturinn. Þegar síðasti samningur var að renna út ákváðum við að gera þetta sjálf og breyta í hostel sem hentar háskólasamfélginu.

„Félagsstofnun stúdenta er sjálfseignastofnun sem nýtur engra styrkja og stendur undir sér sjálf. Markmiðið með rekstrinum er að veita stúdentum ódýra og góða þjónustu og vera bara á núlli því hjá okkur eru engir eigendur sem þurfa að fá greiddan arð. Stúdentar eiga stofnunina, þjónustan er fyrir þá og fá þeir því að sjálfsögðu bestu kjörin," segir Rebekka í samtali við Fréttablaðið.

> **Stúdentar eiga stofnunina, þjónustan er fyrir þá og fá þeir því að sjálfsögðu bestu kjörin.**
>
> Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingfulltrúi Félagsstofnunar stúdenta

„Tilgangurinn er ekki að græða á þessu frekar en öðru sem stofnunin gerir og rekstrarformið er eins og á öllu hinu sem við rekum, Stúdentagörðum, í Stúdentakjallaranum, Hámu og annari veitingasölu, leikskólum og Bóksölu stúdenta," bætir Rebekka við.

Hostelið verður opnað í júní en 43 herbergi eru á Gamla Garði og standa þau öllum til boða í sumar. **benediktboas@365.is**

## Meira áhorf eftir áreitnisásakanir

**BANDARÍKIN** Ásakanir um að hafa áreitt samstarfsmenn kynferðislega og fréttir um að hafa greitt viðkomandi samstarfsmönnum til að greina ekki frá áreitninni hafa ekki haft áhrif á áhorf á þátt bandaríska fréttamannsins Bill O'Reilly, The O'Reilly Factor. Fjölmiðlar vestanhafs hafa sagt fréttir af athæfi O'Reilly undanfarið.

Washington Post greindi hins vegar frá því að 3,7 milljónir hafi horft á þátt hans síðastliðinn mánudag og 3,8 milljónir á þriðjudagsþáttinn. Vikuna áður, það er áður en fréttir af áreitni birtust, horfðu 2,3 milljónir á þann þátt vikunnar sem fékk mest áhorf. **– þea**



**Bill O'Reilly, fréttamaður á Fox News**

## Ráðuneyti dómsmála tekur til starfa 1. maí

**STJÓRNSÝSLA** Nýtt dómsmálaráðuneyti mun taka til starfa um komandi mánaðamót. Samhliða verður til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Forseti Íslands staðfesti tillögu forsætisráðherra um breytt skipulag Stjórnarráðs Íslands fyrir helgi. Forsetaúrskurðinn felur í sér að ráðuneytunum fjölgar um eitt.

Málefnasvið hinna nýju ráðuneyta munu vera á sama hátt og var innan veggja innanríkisráðuneytisins með þeirri undantekningu að mál Þjóðskrár og Yfirfasteignamatsnefndar munu heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Samhliða þessum breytingum voru nokkrar breytingar gerðar á verkaskiptingu milli forsætisráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis sem varða framkvæmd laga um Seðlabanka Íslands. **– jóe**

# Horfir grátandi á afa sinn í algjörri óvissu um framtíðina

**Haraldur Ragnarsson er fæddur 1925 og býr einn á heimili sínu í Reykjavík. Heilsumatsnefnd heilbrigðisráðherra veitir honum ekki leyfi til vistunar á Hrafnistu þar sem konan hans býr.**

**ÖLDRUNARMÁL** Systurnar Halla Ósk Haraldsdóttir og Sigrún Elín Haraldsdóttir segja það mikla byrði fyrir afa þeirra, Ragnar Haraldsson, að fá ekki vistun á Hrafnistu í Reykjavík á sama tíma og konan hans til fjölda áratuga er komin inn. Hann er einn heima lungann úr deginum og sökum heilsuleysis treystir hann sér ekki til að heimsækja eiginkonu sína nema annan hvern dag.

Ragnar Haraldsson er fæddur árið 1925 en konan hans, Sigrún Einarsdóttir er fædd árið 1929. Þau hafa verið í sambandi frá því árið 1950 eða í 67 ár. Ragnar fékk hvíldarinnlögn á Hrafnistu fyrir nokkru síðan í fjórar vikur. Þegar hann óskaði eftir framlengingu á hvíldarinnlögninni var beiðni hans hafnað af færni- og heilsumatsnefnd

„Hann afi okkar fær mjög oft svimaköst og hefur hann margoft slasast heima hjá sér við það eitt að standa upprétttur. Hann hefur axlarbrotnað, marist í andliti, rotast svo dæmi séu tekin. Hann fær þjónustu heim til sín tvisvar sinnum á dag en á milli þess er hann einsamall. Það veldur okkur miklum áhyggjum," segir Halla Ósk.



**Ragnar vill helst fá að vera hjá eiginkonu sinni síðustu æviár þeirra. Það er hinsvegar ekki möguleiki að mati færni- og heilsumatsnefndar.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Laura Scheving Thorsteinsson, sviðsstjóra eftirlits og gæða hjá embætti landlæknis, segir öldrunarrými takmörkuð gæði og ef einstaklingar komist inn gæti það verið á kostnað annars. „Það eru allir sammála um að það vill enginn stía í sundur hjónum," segir Laura. „Hinsvegar eru dvalar- og hjúkrunarrými fullnýtt í dag og biðlistar fyrir hendi og ef einstaklingur kemur inn með maka sínum gæti hann hugsanlega verið að taka pláss af öðrum sem þyrfti sannarlega á slíku rými að halda."

Fréttablaðið sagði frá því í síðustu viku að hjón á Akureyri til 65 ára gætu ekki lengur búið saman vegna meints heilsuhreystis annars aðilans. Sama saga er uppi á teningnum hvað varðar föðurforelda þeirra Höllu og Sigrúnar.

> **Afi vill auðvitað fá að vera með konunni sinni síðustu æviárin. Það er ómannúðlegt að taka þau í sundur á þennan hátt.**
>
> Halla Ósk Haraldsdóttir, aðstandandi

„Afi vill auðvitað fá að vera með konunni sinni síðustu æviárin. Það er ómannúðlegt að taka þau í sundur á þennan hátt," segir Halla Ósk. „Hinsvegar er það svo að heilsan hans leyfir ekki að hann sé einn heima. Við hjálpum honum mjög mikið á hverjum einasta degi og höfum gert í nokkur ár. Þau vilja búa saman en geta það ekki."

Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu, segir viðlíka mál hafa komið áður upp og muni koma upp í framtíðinni aftur þar sem hjón fái ekki sameiginlega vist á öldrunarheimili sökum hraustleika annars aðilans. „Stjórnvöld verða að sjá vandann og gera allt sem hægt er til að fjölga öldrunarrýmum í landinu og komast hjá svona málum," segir Pétur. „Við á Hrafnistu höfum reynt að hafa íbúðir á leigu fyrir maka einstaklinga nálægt Hrafnistu þannig að við tryggjum að hjón geti verið saman yfir daginn."

Sigrún Elín segir þessa stöðu valda sér vanlíðan flesta daga. „Ég sit heima grátandi, veit ekki hvernig þetta fer og í hvorn fótinn ég á að stíga og við hvern eigi að tala. Að horfa upp á afa og sjá hann í vanlíðan heima í óvissu um framtíð sína og geta ekki haldið í hönd konu sinnar þegar honum hentar," segir Sigrún. **sveinn@frettabladid.is**





FÁGUN STAÐALBÚNAÐUR

CHEROKEE

Öflugur, kraftmikill og ríkulega útbúinn jeppi með frábæra akstursEiginleika.

Sjálfskiptur 9 þrepa
2,2 l dísel 185 hestöfl eða 200 hestöfl
Eyðsla 5,7 L/100 km*

Verð frá 6.990.000 kr.

Komdu og reynsluaktu.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Jeep á Íslandi - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

Jeep®




Brimborg | Bíldshöfða 8 S. 515 7000
110 Reykjavík | Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

mazda.is

## Björguðu 19 frá sjóræningjum

**SÓMALÍA** Nítján meðlimum áhafnar túvalúsks gámaskips var bjargað undan sómölskum sjóræningjum á Adenflóa í gær. Snemma í gærmorgun sendi áhöfnin út neyðarkall.

Skip frá þremur löndum brugðust skjótt við. Komu herskip frá Indlandi, Kína og Pakistan áhöfninni til bjargar en meðlimir áhafnar höfðu læst sig inni í öryggisbyrgi skipsins sem var sérstaklega hannað fyrir uppákomur sem þessa.

Í yfirlýsingu frá indverska hernum segir að sjóræningjarnir hafi verið farnir þegar kínverskir hermenn fóru um borð í túvalúska skipið.

Fyrsta sjórán sómalskra sjóræningja í fimm ár var framið í marsmánuði. Var þetta því annað sjóránið á skömmum tíma. – **þea**

## Uber gert að fara frá Ítalíu

**ÍTALÍA** Leigubílaþjónustunni Uber hefur verið gert að hætta allri starfsemi á Ítalíu. Reuters greindi frá og sagði dómstól í Róm kveða upp dóm þess efnis þar sem Uber sé ósanngjörn samkeppni við hefðbundna leigubílaþjónustu.

Rökstuðningurinn að baki dómnum er sá að Uber sé samgöngufyrirtæki sem virði ekki lög um samgöngur. Samgönguyfirvöld fái til að mynda ekki að ákveða fargjald. Þar af leiðandi gætu hefðbundnar leigubílaþjónustur ekki verið samkeppnishæfar í verði. – **þea**

## Hungursneyð yfirvofandi



Sómalskur maður á sínu nýja heimili, tjaldbúðunum í Kaxda-úthverfi höfuðborgarinnar Mogadishu. Sómalía er á barmi sinnar þriðju hungursneyðar í 25 ár. AFP greindi frá þessu í gær. Í síðustu hungursneyð, árið 2011, létust 260.000 manns. Þar af helmingurinn börn undir fimm ára aldri. NORDICPHOTOS/AFP

# Konur greiða meðlag í auknu mæli

**Kvenkyns meðlagsgreiðendum hefur fjölgað undanfarin ár þrátt fyrir að einstæðir feður séu enn einungis eitt prósent af fjölskyldumynstrum Íslendinga. Forstöðumaður hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga segir engan mun á karlkyns og kvenkyns greiðendum.**

**SAMFÉLAG** Konum sem greiða meðlag vegna barna sinna hefur fjölgað um 76 prósent frá aldamótum og hafa nú aldrei verið fleiri. Konur eru nú um sex prósent þeirra sem greiða meðlag vegna barna sinna.

Árið 2016 greiddu 727 konur meðlag samanborið við 409 árið 2001. Töluvert stökk var í hlutfalli kvenna á meðal meðlagsgreiðenda árið 2012 en þá fjölgaði konum um 125 á milli ára, og urðu 674 talsins. Síðan hefur konum á meðal meðlagsgreiðenda fjölgað jafnt og þétt.

Konur eiga þó ekkert í karla sem greiða meðlag en 10.989 karlar greiða meðlag á Íslandi, samkvæmt tölum frá Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Á sama tíma hefur einstæðum feðrum fjölgað um tæplega 60 prósent. Árið 2016 voru þeir 1146 talsins en um aldamótin voru þeir 720 talsins. Einstæðum mæðrum hefur á sama tíma fjölgað um 22 prósent sem helst nokkurn veginn í hendur við mannfjöldaþróun en Íslendingum hefur fjölgað um 19 prósent frá aldamótum til ársins 2016, miðað við tölur frá Hagstofu Íslands.

„Þetta er svona eitt af fjölmörgu sem sýnir hvernig samfélagið er að breytast á margvíslegan hátt. Ef að fólk er í raun að skipta börnunum jafnt á milli sín þá hlýtur þetta að vera réttlátt en svo þarf auðvitað að taka tillit til launa og aðstöðu foreldra,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.

„Meðlagið var tekið upp á sínum tíma, snemma á tuttugustu öldinni, til að tryggja mæðrum að þær hefðu nú eitthvað fyrir sig og börnin sín. Þær voru yfirleitt á miklu miklu lægri launum og margar mjög fátækar. Ég held að þetta beri vott um það að fólk sé í samkomulagi að skipta þessu á milli sín enda er þetta til að tryggja barninu betri aðbúnað.“

Bragi R. Axelsson, hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga, segir að stofnunin finni ekki mun á kvenkyns meðlagsgreiðendum og karlkyns þegar kemur að skilum. Um áramót hafi tólf konur fengið afskrifaða meðlagsskuld, að hluta eða í heild. **snaeros@frettabladid.is**



Börn koma frá ólíkum fjölskyldum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Framleitt fyrir iPod iPhone iPad

Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



Beltone Legend™

Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **Legend**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í **iPhone**, **iPad** og **iPod touch**. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni · Sími 568 7777 · heyra.is







GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





# Árásarmanninum var áður vísað úr landi

**Úsbeki á fertugsaldri er í haldi lögreglunnar í Stokkhólmi, grunaður um að hafa framið hryðjuverk. Umsókn um dvalarleyfi hafði verið hafnað. Sprengja fannst í miðborg Oslóar.**


Fjölmenni minntist látinna á götum Stokkhólms. NORDICPHOTOS/AFP

**SVÍÞJÓÐ** Búið var að vísa hinum 39 ára Úsbeka, Rakhmat Akilov, sem játaði í gær að hafa framið hryðjuverkaárásina í Stokkhólmi, höfuðborg Svíþjóðar, á föstudag, úr landi. Umsókn hans um dvalarleyfi hafði verið hafnað. Frá þessu greindi sænska lögreglan á blaðamannafundi í gær en maðurinn er nú í haldi lögreglu.

Líkt og í Nice í Frakklandi og Berlín í Þýskalandi í fyrra ók árásarmaður vöruflutningabíl inn í hóp fólks. Í þessu tilfelli var ekið inn í verslun Åhléns í miðborg Stokkhólms.

Þá var annar maður handtekinn og er hann einnig grunaður um aðild að árásinni. Lögregla sagði hann liggja undir grun um að hafa framið hryðjuverk en Reuters greindi frá því að maðurinn lægi undir minni grun en Akilov.

Akilov sótti um dvalarleyfi árið 2014 en eins og áður segir var umsókn hans hafnað. Í desember síðastliðnum fékk hann fjögurra vikna frest til að koma sér úr landi. Þá hvarf hann og hafði lögregla leitað hans vikum saman.

Samkvæmt lögreglu hafði hann lýst yfir stuðningi við hryðjuverkasamtök á borð við Íslamska ríkið. Þá greindu sænskir fjölmiðlar frá því að hann ætti vini í samtökunum Hizb ut-Tharir og lýst sjálfum sér í atvinnuviðtali sem sprengjusérfræðingi.

Expressen greindi frá því í gær að Akilov hefði játað glæpinn. Þá hefði hann sagt við lögreglumenn að hann væri ánægður með það sem hann hefði gert og það hafi heppnast vel.

Alls létust fjórir í árásinni. Tveir Svíar, einn Breti og einn Belgi. Fimmtán særðust.

Maður var stöðvaður í miðborg Oslóar um helgina þar sem hann var gangandi með sprengju í kassa. Norska öryggislögreglan hefur nú tekið yfir rannsókn þess máls.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Bandarísk flotadeild er farin til Norður-Kóreu

**BANDARÍKIN** Hin svokallaða Carl Vinson-flotadeild bandaríska sjóhersins sigldi í gær að Kóreuskaga til þess að bregðast við eldflaugatilraunum Norður-Kóreuhers.

Flotadeildin samanstendur af flugmóðurskipinu Carl Vinson og þremur öðrum stórum herskipum. BBC greinir frá því að umrædd skip séu send á svæðið til að auka viðbragðsgetu Bandaríkjahers en skipin eru útbúin búnaði sem gerir þeim kleift að stöðva þær eldflaugar sem Norður-Kóreumenn skjóta upp.

„Stærsta ógnin á svæðinu er Norður-Kórea. Það er vegna ábyrgðarlausrar og ógnandi eldflaugaáætlunar og vinnu þeirra við að koma sér upp fleiri kjarnorkuvopnum," sagði Dave Benham talsmaður Kyrrahafsdeildar bandaríska sjóhersins í gær.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, fundaði með Xi Jinping, forseta Kína í síðustu viku. Meðal annars um Norður-Kóreu. Fyrir fundinn sagði Trump að ef Kínverjar vildu ekki hjálpa til við að leysa vandamálin sem stafa af Norður-Kóreu væru Bandaríkin fullfær um að gera það ein síns liðs. **– þea**


Rannsakendur fínkemba vettvang árásar. NORDICPHOTOS/AFP

# Tugir fallnir í tveimur árásum í Egyptalandi

**EGYPTALAND** Tvær sprengjuárásir sem beindust gegn kristna trúarsöfnuðinum koptum voru gerðar í Egyptalandi í gær. Alls féllu 45 í árásunum.

Fyrri árásin var gerð á kirkju heilags Georgs í borginni Tanta. Þar fórust 29 og 78 særðust.

Síðari árásin var á kirkju heilags Markúsar í Alexandríu og féllu þar sextán.

Páfi kopta, Tawandros annar, var í Markúsarkirkju þegar árásin var gerð en ríkismiðlar í Egyptalandi greina frá því að hann hafi ekki sakað. Að minnsta kosti 35 særðust í árásinni.

Hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki sögðust í gær bera ábyrgð á árásunum. Undanfarnar vikur hafa samtökin ráðist endurtekið á kopta í Egyptalandi en þeir eru minnihlutahópur.

Abdul Fattah al-Sisi, forseti Egyptalands, lýsti í gær yfir þriggja mánaða neyðarástandi í landinu. Þá fyrirskipaði hann einnig egypskum hermönnum að standa vörð víðs vegar um landið til að verjast frekari árásum. **– þea**


ÖBÍ

NÁMSSJÓÐUR SIGRÍÐAR JÓNSDÓTTUR
– STYRKUMSÓKNIR 2017

Stjórn Námssjóðs Sigríðar Jónsdóttur og Öryrkjabandalag Íslands auglýsa eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum.

Styrkir eru veittir til:
- Öryrkja vegna hagnýts náms, bóklegs eða verklegs, svo og til náms í hvers konar listgreinum.
- Einstaklinga sem vilja sérhæfa sig til starfa í þágu fólks með þroskahömlun.

Sótt er um rafrænt á heimasíðu ÖBÍ, obi.is. Einnig er hægt að nálgast eyðublöð á skrifstofu Öryrkjabandalags Íslands, Sigtúni 42, Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 27. apríl nk.
Upplýsingar um styrkúthlutun liggja fyrir eigi síðar en 26. maí. Allar nánari upplýsingar gefa Kristín Margrét Bjarnadóttir, kristin@obi.is, eða starfsmenn móttöku hjá ÖBÍ, mottaka@obi.is, og í síma 530 6700.

ENNEMM / SÍA / NM80408


SUZUKI
Way of Life!
FULLVAXINN BALENO
Á SMÁBÍLAVERÐI!
KOMDU
OG PRÓFAÐU
HANN
VERÐ FRÁ KR.
2.260.000
SUZUKI
BALENO
NÝR TÍMAMÓTA BALENO
BALENO setur ný viðmið í nýtingu rýmis.
Hann hefur mesta innra-og farangursrými í sínum
flokki og er um leið sérlega vel hannaður og glæsilegur
... samruni hönnunar og rýmis.
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
Við kynnum nú í fyrsta sinn Suzuki Baleno með
MILD HYBRID vél, ásamt tveimur sparneytnum
bensínvélum, 1,0 Boosterjet og 1250 Dualjet.
Meðal eyðsla frá 4,0 l/100km.
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Foreldrar Birnu krefjast tugmilljóna miskabóta

**DÓMSMÁL** Foreldrar Birnu Brjánsdóttur krefjast samtals rúmlega 21 milljóna króna í miskabætur frá Thomasi Möller Olsen sem ákærður hefur verið fyrir að hafa myrt Birnu Brjánsdóttur. Að auki er þess krafist að Thomas greiði 767 þúsund krónur fyrir útfararkostnað og jafnframt að hann greiði málskostnað.

Ákæra gegn Thomasi verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í dag. Hann er grunaður um að hafa veist að Birnu í Kia Rio-bifreið sem lagt var nálægt flotkví við enda hafnarkantsins í Hafnarfjarðarhöfn, og/eða á öðrum óþekktum stað, og slegið hana ítrekað í andlit og höfuð, tekið hana kverkataki og hert kröftuglega að hálsi hennar og í framhaldi varpað Birnu í sjó eða vatn með þeim afleiðingum að hún drukknaði.

Þá er Thomasi Möller einnig gert að sök að hafa haft í káetu sinni í fiskveiðiskipinu Polar Nanoq rúm 23 kíló af kannabisefnum sem hann hugðist flytja til Grænlands í ágóðaskyni.



**Ákæra gegn Thomas Möller verður þingfest í dag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Thomas hefur hingað til neitað að hafa orðið valdur að dauða Birnu en viðurkennt smyglið. – jhh






# Landsig við jarðhitavirkjanir vekur athygli

**Eldgos og jarðskjálftar skilja eftir sig mikil ummerki. Það gerir landnýting manna einnig en landsig við jarðhitavirkjanir sýnir það best. Vatnajökull rís og skýrist bæði af þynningu hans og vegna kvikusöfnunar undir honum.**

**VÍSINDI** Endurmæling Landmælinga Íslands (LÍ) sumarið 2016 á landshnitakerfi Íslands leiddi í ljós ummerki eldgosa og jarðskjálfta, en jafnframt eru áhrif af landnýtingu manna eins og í kringum jarðhitavirkjanir eftirtektarverð.

Landshnitakerfið hefur verið mælt tvisvar áður með GPS-tækni, fyrst árið 1993 og svo aftur árið 2004, en frá verkefninu segir í nýjustu ársskýrslu LÍ.

Guðmundur Valsson, mælingaverkfræðingur hjá LÍ, bendir á að frumniðurstöður mælinganna lágu fyrir í lok desember; landið rekur í sundur með mjög jöfnum hraða eða um einn sentimetra á ári í hvora átt – nokkuð sem lengi hefur verið vitað. Landshnitakerfið hefur verið mælt tvisvar áður með GPS-tækni, fyrst árið 1993 og svo aftur árið 2004 og frá síðustu mælingu má sjá hvar mest hefur gengið á í náttúru Íslands. Hreyfingar í kringum upptök Suðurlandsskjálftanna 2008 eru til dæmis allt aðrar en víðast hvar annars staðar á landinu.

„Þetta voru 40 sentimetrar sem gliðnunin varð í skjálftunum á milli Selfoss og Hveragerðis,“ segir Guðmundur en hreyfingar norðan Vatnajökuls skera sig nokkuð úr við mælingarnar nú, en þar má merkja áhrif eldgossins í Holuhrauni 2014-2015. Má nefna gliðnun upp á 60 sentimetra við Kverkfjöll en talsverðar hæðarbreytingar hafa einnig orðið á þessu 12 ára tímabili á milli mælinga.

Þar má m.a. nefna ris á Vatnajökli og umhverfis hann og má leiða líkur að því að þar séu að koma fram áhrif þynningar jökulsins en einnig aukinnar kvikumyndunar undir honum. Mest mældist risið í Jökulheimum eða um 40 sentimetrar. Til samanburðar var risið þar á tímabilinu 1993 til 2004 helmingi minna.

„Það sem er merkilegt er að það virðist vera mikið landris í og við Vatnajökul almennt – sést það greinilega við Svínafell í Öræfum og nálægt Hala í Suðursveit, svo dæmi sé tekið,“ segir Guðmundur sem segir jafnframt áhugavert að skoða mikið landsig í kringum helstu jarðhitavirkjanir landsins – bæði við Hellisheiðarvirkjun og á Reykjanesi – en þar nemur sigið einum sentimetra á ári, eða 18 sentimetra síðan 2004 þegar það mældist mest.

„Ég skoðaði mælingar sem Orkustofnun gerði í kringum árið 2000 og þá var ekki þetta sig, sýndist mér. Það verður athyglisvert hvað gerist í Þeistareykjum eftir að vinnsla hefst þar, við erum með mælipunkt þar nálægt svo það er nærtækt.“

Hæðarbreytingar meðfram ströndinni vöktu einnig athygli vísindamanna, þar sem þær geta ýmist unnið með eða gegn áhrifum hækkandi sjávarborðs, en þær eru greinilegastar á Reykjanesi.

svavar@frettabladid.is



**Þrjú teymi mældu 150 punkta auk mæligagna frá um 100 föstum mælistöðvum. Gæslan aðstoðaði þar sem þess þurfti með.** MYND/LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

## Áratugur líður milli mælinga

- Landshnitakerfið er grunnkerfi í öllum nákvæmum mælingum á landinu.
- Það er notað t.d. við framkvæmdir, nákvæma kortagerð eða vöktun eldfjalla.
- Mældir voru um 150 punktar sérstaklega. Auk þess voru notuð mæligögn frá um 100 föstum mælistöðvum.
- Landshnitakerfið hefur verið mælt tvisvar áður með GPS-tækni, fyrst árið 1993 og svo aftur árið 2004.


ENNEMM / SÍA / NM80865

DACIA

# ALVÖRU ATVINNUBÍLL

## Dacia Dokker

VERÐ: 2.340.000 Kr.

VERÐ ÁN VSK: 1.887.096 Kr.

Dacia Dokker er einn hagkvæmasti kosturinn sem í boði er fyrir þá sem leita að litlum sendibíl. Dacia Dokker er með 1,5l, 90 hestafla dísilvél sem notar einungis 4,5l í blönduðum akstri*. Dacia bílarnir hafa komið einskalega vel út hvað varðar áreiðanleika í rekstri.




TIL AFGREIÐSLU STRAX!

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

| GE bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurlands | IB ehf. | BL söluumboð |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




Menning Svíþjóðar og samfélagsleg vitund hefur mótað gjörðir okkar frá stofnun Volvo árið 1927. Frá upphafi hefur megináhersla verið lögð á fólk sem hefur leitt af sér einstakar öryggisuppfinningar og áhrifaríkar umhverfisáherslur. Uppfinningar okkar hafa sett Volvo bíla fremsta í öryggi og leitt til lágmarksáhrifa á umhverfið. Við höfum nú sett okkur enn eitt krefjandi markmiðið. Frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Vertu í fararbroddi og veldu öryggi í fremstu röð og bíl þar sem allt hefur verið gert til að lágmarka neikvæð áhrif á umhverfið.

Brimborg | Brimborg Reykjavík Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000 | Brimborg Akureyri Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050 | volvocars.is

# Ekki aftur



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

**Það sem við munum og það sem við munum ekki er og verður víst alltaf okkar. Þannig virðist Valgerður Sverrisdóttir ekki muna almennilega eftir aðkomu sinni að einkavæðingu bankanna frá ráðherratíð sinni, þó svo það teljist líklega til stærri viðburða á hennar starfsferli. Seinna átti svo einkavæðing bankanna eftir að hafa í för með sér skelfilegar afleiðingar sem byrjuðu að koma í ljós þegar Geir H. Haarde bað guð að blessa Ísland og þess vegna viljum við vita hvernig hlutirnir gerðust. Skoða söguna til þess að geta lært af henni.**

En ef það fólk sem mótaði upphaf þessarar sögu, skrifaði uppkastið ef svo má segja, ýmist man hana ekki eða hefur lítinn sem engan áhuga á slíkri söguskoðun þá er það miður. Það ætti þó alls ekki að þýða að við hin getum ekki rifjað upp og reynt að læra af liðinni tíð. Þegar minnið brestur höfum við ýmsar leiðir til að skoða sögu okkar og samfélag. Ein mikilvægasta leiðin til þess er í gegnum listina í sínum margbreytilegu myndum. Listræn tjáning á því sem við höfum séð og sjáum í kringum okkur frá degi til dags. Auðvitað er þetta ekki eina hlutverk listarinnar en þó eitt af mörgum.

Það er margt í samfélagi samtímans sem er farið að minna ansi mikið á þá stemningu sem hér ríkti á árunum fyrir hrun og listin virðist ekki vera undanskilin þessu. Í því samhengi nægir að líta m.a. til þess að Gamma er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Hins Íslenska bókmenntafélags, Borgarleikhúsið endurnýjaði nýverið samstarfsamning við Valitor, Reykjavíkurborg og Grandi vinna saman að því að byggja upp listina í Marshallhúsinu og þannig mætti áfram telja. Líkast til er þetta einkum til marks um hversu undirfjármagnaðar listir eru á Íslandi en þetta hlýtur samt að hreyfa við minninu hjá einhverjum. Minna okkur á þá tíma þegar listir og fjármálalíf virtust dansa hér einn allsherjar hrunadans hinu margumrædda góðæri til lofs og dýrðar. Nú gæti reynt á að bæði muna, vilja muna og læra af reynslunni.

Það er ekki endilega svo að listin eigi alls ekki að þiggja eitt né neitt af atvinnulífi. Að í því felist einhver dauðadómur yfir sjálfstæði listamanna og möguleikum til þess að leggja til atlögu við hvaða efnivið sem er. En allt getur þetta haft áhrif og ekki síst í litlu samfélagi þar sem möguleikar listamanna til afkomu eru mun takmarkaðri en í stærri samfélögum. Þetta getur óneitanlega leitt til ákveðins afkomuótta og það er eðlilegt við þessar aðstæður en að sama skapi ekki ásættanlegt. Það er nefnilega hlutverk listarinnar að ganga gegn valdi, hvort sem það er til staðar í krafti peninga eða pólitíkur, og ef listin gerir það ekki er hætt við að illa fari. Það gerði það síðast og það getur hæglega gert það aftur.

Þjóð sem situr uppi með gleymna stjórnmála- og peningamenn má búast við því að illa fari ef hún gætir ekki að sér. Ein mikilvægasta leiðin til þess að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig er að styðja vel við listsköpun í landinu og gera jafnframt þá kröfu til listarinnar að hún veiti valdinu aðhald. Án þess er hætt við að illa fari – aftur.

> **Það er nefnilega hlutverk listarinnar að ganga gegn valdi, hvort sem það er til staðar í krafti peninga eða pólitíkur, og ef listin gerir það ekki er hætt við að illa fari.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Taktlausir ráðherrar**

Sitjandi ríkisstjórn hefur á köflum gengið illa að ganga í takt. Athygli vakti á dögunum þegar fjármálaráðherrann lýsti því yfir í erlendum fjölmiðlum að í skoðun væri að festa gengi krónunnar við evru. Forsætisráðherra svaraði frænda sínum fullum hálsi á sama vettvangi að hann teldi slíkt óráðlegt. Í gær var sagt frá því að utanríkisráðherra ætli að funda með breskum starfsbróður sínum til að styrkja bönd Íslands við Breta. Er það broslegt í ljósi ummæla fjármálaráðherra. Orðin Samfylking og áramótaskaup koma upp í hugann.

**Litla gula hænan**

Á dögunum líkti stjórnmálafræðiprófessorinn Eiríkur Bergmann Sjálfstæðisflokknum við hákarl sem æti upp fylgi samstarfsflokkanna. Flokkurinn stærði sig af góðum málum en skildi makkerinn eftir með Svarta-Péturinn. Þegar Viðreisn vann að því að koma undir sig fótunum kynnti flokkurinn jafnlaunavottunarfrumvarpið sem átti að vera fyrsta mál flokksins inn á gólf þingsins. Nú er hægt að fylgjast með forsætisráðherra fara mikinn og stæra sig af málinu á erlendri grund meðan flokkssystkin hans tala gegn því. Fróðlegt verður að sjá hvort Viðreisn bjóði Sjálfstæðisflokknum bita af brauðinu sem flokkurinn bakaði eða sleppi því að gefa með sér.

johannoli@frettabladid.is

# Sókn fyrir velferðina



Katrín Jakobsdóttir
formaður Vinstri grænna

Í fjármálaáætlun til næstu fimm ára eru lagðar línur um hvernig á að afla tekna og hvernig á að ráðstafa fjármunum hins opinbera. Í þeirri umræðu er mikilvægt að hafa í huga að ríkissjóður er ekki einungis efnahagsreikningur sem þarf að stemma af. Hann á að standa undir því samfélagi sem við viljum byggja. Það skiptir máli hvernig við fjármögnum þennan sama ríkissjóð og í hvaða verkefni hann er nýttur.

Á Íslandi eiga ríkustu tíu prósentin um 70% alls auðs. Ríkustu tuttugu prósentin eiga um 90% alls auðs á landinu. Stjórnvöldum ber skylda að takast á við þessa ójafnaðarþróun, tryggja aukinn jöfnuð og fjármögnun nauðsynlegra samfélagslegra verkefna sem snúast bæði um jöfnuð og velferð.

Það er þörf á að því að efla hið opinbera heilbrigðiskerfi og menntakerfi; einnig þarf að bæta kjör öryrkja og aldraðra og byggja upp margs konar innviði, t.d. samgöngur og ferðamannastaði. Til þess að gera þetta þarf að afla tekna með réttlátum hætti sem er þvert á þessa öfgakenndu þróun í átt til ójafnaðar. Því miður hefur þróun skattbyrðinnar verið öfug á síðustu árum þar sem skattbyrðin á þá tekjuhæstu hefur minnkað en þyngst á aðra hópa.

Ný fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar stendur ekki undir þeim væntingum sem gefnar voru fyrir kosningar. Í henni er skattlagningu stillt upp sem andstæðu frelsis og flúið frá loforðum á ólíkum málefnasviðum. Þar má nefna stefnumótun Vísinda- og tækniráðs um framlög til háskóla, áætlanir um að efla framhaldsskólana þrátt fyrir styttingu, samgönguáætlun og samþykkt þingsins um uppbyggingu Náttúruminjasafns. Ekki er heldur komið til móts við áskorun meira en 86 þúsund Íslendinga um að framlög til heilbrigðismála verði aukin sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Allar þessar ákvarðanir eru rammpólitískar og snúast um hvernig samfélag við viljum byggja og hvernig sú uppbygging er fjármögnuð. Þar er stefna okkar Vinstri-grænna alveg skýr og sú sama nú og fyrir kosningar: Tekjustofna ríkisins má styrkja með réttlátum hætti og hefja sókn til raunverulegrar uppbyggingar samfélagsins. Slík sókn er nauðsynleg fyrir íslenskt samfélag en í hana verður ekki ráðist undir forystu þessarar ríkisstjórnar.

> **Á Íslandi eiga ríkustu tíu prósentin um 70% alls auðs. Ríkustu tuttugu prósentin eiga um 90% alls auðs á landinu.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,**
*ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson
*magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hryðjuverk og kærleiksverk

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson

Enn hefur karlmaður sem játar einhvers konar islam ráðist á almenning í evrópsku lýðræðisríki með því að aka bíl inn í mannfjölda í því skyni að drepa eins margt fólk og hann getur. Enn einn einstaklingur, sýktur af hugmyndum, sem telur það ásættanlegan tjáningarmáta á viðhorfum sínum að aka bíl inn í mannfjölda.

Þessi menn þekkjast ekki úr hinum sem eru sómakærir en varpa skugga grunsemda og tortryggni á alla þá sem líta út eins, það er að segja, eru með brúna húð og dökkt hár.

Erfitt er að setja sig inn í það dauðadýrkunarkölt sem þessir menn hafa ánetjast. Kannski halda þeir að þeir séu að drýgja einhvers konar dáð. Kannski eru þeir að tjá andstyggð sína á lífsháttum fólks sem lifir venjulegu lífi á veraldarvísu. Menn sem tengja sig við ISIS ómaka sig ekki lengur við að réttlæta morðæðið með þjáningum trúbræðra sinna, eins og fyrirrennarar þeirra gerðu þó. Þeir gangast fúsir við því að eini tilgangur ódæðanna sé að skapa ótta og glundroða. Sjálfir eru gerendurnir oftast nær landeyður; einrænar mannafælur sem viðra kannski skringilegar skoðanir á netinu.


**Svíar eru í sárum eftir árás í höfuðborginni á föstudaginn. Forsætisráðherrann lagði blóm á árásarstaðinn á föstudagskvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Þetta eru menn sem eru núll og nix, eru ekkert og leitast við það með ódæðisverkum sínum að verða eitthvað. En eyða sjálfum sér gjarnan um leið með sjálfsmorði. Verða með öðrum orðum ekkert til að verða eitthvað.

## Hernaður gegn almenningi

Nútímahernaður beinist eingöngu gegn almenningi, mér og þér, samfélagi „venjulegs fólks“. Hermennirnir sitja við tölvu og senda dróna með sprengjur inn á svæði þar sem fólk býr, að sögn í því skyni að drepa hryðjuverkamenn sem leynast innan um og saman við fólkið. Þessi drónahernaður er aðferð stórþjóðanna, einkum Bandaríkjamanna, fram að Trump-stjórninni að minnsta kosti, en margt bendir til þess að Trump sé hrifnari af mannfórnum úr eigin liði en fyrirrennari hans var.

Önnur tegund af nútímahernaði felst í því að karlmenn fara um í hópum slitnir úr tengslum við mannlegt samfélag, ærðir af áfengi, eiturlyfjum og morðvímu og rífa niður, sprengja, eyða og drepa varnarlaust fólk í nafni þjóðernis eða trúar; við sáum slíkan óþjóðalýð í stríðinu í Júgóslavíu. Og loks eru það hermennirnir sem leynast inni í stórborgunum og fara þegar minnst varir á stjá til að drepa þar sem allra flest fólk, og helst farga sér í leiðinni.

Þeir starfa í nafni islam en hafa þó einkum einbeitt sér að því að drepa múslima. Langflest þessara ódæða eru framin í löndum múslima í Afríku og Asíu, en þegar leikurinn berst til Evrópu vekur það meiri athygli okkar, enda nær okkur höggvið.

Næst er þó höggvið múslimum í Evrópu. Hryðjuverk á borð við það sem framið var í Stokkhólmi núna bitnar svo sannarlega á vegfarendum en um leið eru slíkar aðgerðir nánast eins og hernaður á hendur múslimum í Evrópu, til þess ætlaður að koma í veg fyrir aðlögun. Lífið á að verða óbærilegt karlmönnum með brúna húð í Evrópu – verkin beinast gegn fjölmenningu og sambúð ólíkra trúarhópa.

Markmiðið er að gera sambúð kristinna manna og múslima í Evrópu óhugsanlega, sá fræjum tortryggni og haturs milli þeirra. Að baki liggja hugsjónir um einangrun, hugmyndaþrengsli og hreinlíft kalífadæmi í anda miðalda með niðurnjörvuðum lífsháttum, stífum kynhlutverkum, karlveldi og virku eftirliti klerka með hugsunarhætti og hegðun, til dæmis kynhegðun þar sem harðbannað er að laðast að eigin kyni.

## Óbærileg tilhugsun

Þessi eftirlitshyggja, kynhlutverkastífnin, kvennakúgunin, rasisminn, fáránleg boð og bönn, vandlætingin í garð þeirra sem skera sig úr norminu – hatrið á fjölbreytninni og andúðin á öðrum húðlit en maður hefur sjálfur, annarri kynhegðun, annarri sjálfsmynd – allt er þetta sameiginlegt í trúarbrögðunum stóru sem við kennum við Abraham – islam, gyðingdóm og kristni – þegar þessi hugmyndakerfi eru orðin trénuð og inntakslaus og þeim fylgt af bókstafstrú. Þess vegna hljóma bókstafstrúarklerkar í Bandaríkjunum nokkurn veginn eins og múllarnir sem predika í moskum heimsins. Rasistarnir hvítu á Norðurlöndum sem kveikja í flóttamannabúðum aðhyllast ekki ólíka hugmyndafræði og þeir sem kenna sig við islam og aka trukkum inn í mannfjölda.

Það er eiginlega óbærileg tilhugsun að árið 2017 skuli fólk vera drepið í nafni trúarbragða. Í öllum þessum hugmyndakerfum er ýmislegt sem nýtist okkur vel þegar við finnum hjá okkur þörf fyrir að tengjast alheimsvitundinni – hvort sem hún er nú til eða ekki. En trúarbrögð eru líka eitt versta böl mannkynsins. Það segir sig sjálft að öll þessi hugmyndakerfi hafa að geyma heilræði og hugarfar úr öðrum tíma og aðstæðum sem rétt er að slíta tengsl við. Annað má nota: Múslimum er kennt að mannslífið sé heilagt og það sé glæpur gegn guði að drepa fólk. Kristnir menn ganga almennt út frá því að Guð hafi gefið þeim frjálsan vilja og leggi svo mat á frammistöðu þeirra á jörðinni á hinum efsta degi – og er þá spurt um kærleiksboðorðið fyrst og fremst, þar sem aldrei má fara í manngreinarálit. Aldrei: og þá ætti til dæmis að vera kærleiksverk í algjörum forgangi að taka vel á móti því fólki sem er á flótta undir morðvörgunum sem kenna sig við islamskt ríki.



# Fiskeldi í heiminum er í sókn



**Einar K. Guðfinnsson**
formaður Landssambands fiskeldisstöðva

**Meira en helmingi allrar fisk- og sjávardýraneyslu í heiminum er mætt með fiskeldi.**

Lífsseig er hún sú flökkusaga, en jafn kolröng, að fiskeldi sé á undanhaldi í heiminum og ekki síst í okkar heimshluta. Oft hefur mátt lesa þetta hér í Fréttablaðinu og síðast nú alveg nýverið. Þó er þessu alveg öfugt farið. Fiskeldi er almennt að aukast í veröldinni. Í þeim löndum á okkar slóðum sem geta stundað fiskeldi hefur það vaxið og áform stjórnvaldanna standa til þess auka það enn frekar.

Allt er það að vonum. Það er alveg ljóst – og raunar óumdeilt – að vaxandi fæðuþörf mannkyns verður ekki mætt nema með auknu fiskeldi. Bágt ástand margra villtra fiskistofna gerir það að verkum að því fer fjarri að fiskveiðar geti núna mætt vaxandi fæðuþörf; og alls ekki í framtíðinni. Jafnvel þó betur væri staðið að málum við fiskveiðar í heiminum hrykki það ekki til. Fiskeldi er því svarið við þeirri staðreynd.

Fiskeldi er margbreytilegt. Skel- og krabbadýr, fjölbreytileg flóra fiskitegunda og áfram má telja. Mismunandi náttúrulegar aðstæður í heiminum ráða því. Sumt fer fram á landi en annað í sjó. Aðstæður í hverju landi og hverjum heimshluta stýra þeirri þróun.

Þess vegna er fiskeldi í heiminum í stöðugri sókn og stöðugum vexti. Meira en helmingi allrar fisk- og sjávardýraneyslu í heiminum er mætt með fiskeldi. Eldisfiskur í heiminum er framleiddur í meira mæli en nautakjöt. Og ef laxeldi er skoðað sérstaklega þá blasa við athyglisverðar tölur. Laxeldi í heiminum nemur um 2,1 milljón tonna, sem svarar til um 15 milljarða máltíða á ári. Framleiðsluverðmætið er um 10 milljarðar dollara, 1.1100 milljarðar íslenskra króna.

Það er því ekki að undra að stofnanir á borð við Sameinuðu þjóðirnar hvetji til aukins fiskeldis og sama á við um stjórnvöld um víða veröld, svo sem eins og í löndunum í kring um okkur. „Fiskeldi skiptir sköpum til þess að mæta fæðuþörf heimsins næstu 50 árin", sagði til að mynda Kofi Annan, fyrrverandi aðalritari Sameinuðu þjóðanna. Það er ástæða fyrir okkur Íslendinga sem og aðra að leggja við hlustir og svara þessu ákalli.

FRÁBÆR GRILL Á TILBOÐI TIL 13. APRÍL

barbecook®



**SPRING 300** 3 ryðfríir brennarar, samtals 11,4 kW/h. Grillflötur er 3 x (21 x 43) cm. Emileraðar grillgrindur tryggja endingu. Rafstýrður uppkveikjurofi, svart eða kremað lok.

**39.995**kr.
50686930-1
Almennt verð: 49.995 kr.



**Q3200** 2 ryðfríir brennarar, samtals 6,35 kW/h. Grillflötur er 63 x 45 cm. Glerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni. Hitamælir í loki. Rafstýrður uppkveikjurofi, ljós í handfangi, grátt lok.

weber

**73.995**kr.
50650021
Almennt verð: 82.995 kr.

AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS
SENDUM ÚT UM ALLT LAND

BYKO

# Að byrja á öfugum enda



**Bryndís Snæbjörnsdóttir**
formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar



**Árni Múli Jónasson**
framkvæmdastjóri Landssamtakanna Þroskahjálpar

Því hefur oft verið haldið fram að Ísland sé svona reddarasamfélag. Menn fái hugmyndir og hugdettur og jafnvel bara flugu í höfuðið og hefjist þegar handa við framkvæmdir en velti lítið fyrir sér hvernig þurfi að standa að málum til að árangur geti náðst eða hvort það er yfirleitt nokkurt vit í hugmyndinni þegar að er gáð.

Sumir vilja halda því fram að þannig virki mjög oft stjórnmálin og stjórnsýslan hér á landi. Það sé yfirleitt byrjað á öfugum enda, síðan sé þvargað linnulaust og lengi um auka atriði og þegar allt er komið í óefni sé gripið til alls kyns reddinga.

Hér skal ekki fullyrt hvort eitthvað er til í þessu en látið duga að vitna í Halldór Laxness:

Því hefur verið haldið fram að íslendíngar beygi sig lítt fyrir skynsamlegum rökum, fjármunarökum varla heldur, og þó enn síður fyrir rökum trúarinnar, en leysi vandræði sín með því að stunda orðheingilshátt og deila um titlíngaskít sem ekki kemur málinu við; en verði skelfíngu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls.

Í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir m.a.:

Tekið verði upp starfsgetumat og örorkulífeyriskerfið þannig gert sveigjanlegra til að ýta undir þátttöku á vinnumarkaði.

Þetta eru falleg orð og góð markmið. En er nokkur hætta á að hér sé, að íslenskum sið, byrjað á öfugum enda og treyst of mikið á mátt reddinganna?

Við spyrjum að því vegna þess að við sjáum ekki að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sé neitt um að gripið verði til tiltekinna, markvissra ráðstafana til að tryggja fólki með skerta starfsgetu atvinnutækifæri á vinnumarkaði. Við höfum ekki heldur heyrt ráðherrana greina frá því opinberlega hvaða aðgerðir standi til þar.

**Alltof fá atvinnutækifæri**

Það er mikið áhyggjuefni því að bláköld staðreyndin er sú að atvinnutækifæri fyrir fólk sem er með skerta starfsgetu vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru allt of fá og fábreytileg hér á landi. Ríki og sveitarfélög eru mjög stórir vinnuveitendur en gera samt mjög lítið til að tryggja fötluðu fólki þau tækifæri og almenni vinnumarkaðurinn er yfirleitt áhugalítill og ósveigjanlegur, jafnvel fordómafullur.

Þess vegna er spurt og það er bráðnauðsynlegt að því sé svarað af hlutaðeigandi ráðherrum:

Hvaða tilgangur er með því að meta starfsgetu fólks ef það fær svo ekki tækifæri til að nýta starfsgetu sína og afla sér tekna?

Við treystum því að rétta svarið við þeirri spurningu sé ekki að þannig megi enn skerða réttindi þessa fólks og lækka þær smánarbætur sem það þarf nú að láta duga til að draga fram lífið.

Við skorum því á ríkisstjórnina og önnur hlutaðeigandi stjórnvöld að fara nú í það fljótt og vel og skipulega að tryggja aukin atvinnutækifæri fyrir fólk með skerta starfsgetu. Það er beinlínis á þeirra valdi að gera það hjá stofnunum ríkis og sveitarfélaga og hjá fyrirtækjum sem ríki og sveitarfélög eiga að öllu leyti eða að hluta. Síðan þurfa stjórnvöld að finna leiðir sem virka til að hvetja einkafyrirtæki til þess sama og veita þeim uppbyggilegt aðhald í því skyni, jafnvel með setningu viðeigandi laga og reglna ef önnur ráð ekki duga.

Það að byrja verk á öfugum enda og reyna svo þegar allt hefur klúðrast að bjarga því sem bjargað verður með reddingum hér og þar getur svo sem verið athyglisverð aðferð og það má jafnvel stundum henda að henni nokkurt gaman. En þegar í húfi er lífsafkoma fólks sem hefur þurft að þola og þarf enn að þola mikla mismunun og skert tækifæri á öllum sviðum samfélagsins er það grafalvarlegt mál og ekki bara ámælisvert að nota þá aðferð, heldur fullkomlega ábyrgðarlaust.

# Fátækt barna er vanræksla stjórnvalda



**Margrét Júlía Rafnsdóttir**
verkefnastjóri hjá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi

**Samkvæmt skýrslunni er Ísland eina land Norðurlanda þar sem börn eiga frekar á hættu að búa við fátækt en fullorðnir, sem gefur vísbendingu um að forgangsröðun sé ekki í þágu barna og fjölskyldna þeirra.**

Um áratugaskeið hefur alþjóðasamfélagið reglulega sett sér háleit markmið um betri heim. Markmið um sjálfbæra þróun, þar sem forgangsverkefni er að uppræta fátækt og auka jöfnuð. Evrópa2020 áætlun Evrópusambandsins gerir ráð fyrir að að minnsta kosti 20 milljónum barna í Evrópu verði bjargað frá fátækt og félagslegri einangrun fyrir árið 2020. Það mun ekki nást. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, SDG2030, gera ráð fyrir að sárafátækt verði upprætt og að 50% barna verði bjargað úr fátækt og félagslegri einangrun fyrir árið 2030 og ójöfnuður minnkaður.

Það er sátt meðal þjóða heims um að fátækt og ójöfnuður séu óásættanleg. Sífellt þarf þó að setja ný markmið þegar sýnt er að þeim eldri verður ekki náð. Það er ekki síst vegna þess að áætlanir stjórnvalda og skattkerfi ganga oft þvert á þessar samþykktir sem ríkin hafa þó skuldbundið sig til að framfylgja.

Samkvæmt skýrslu Evrópuhóps Barnaheilla - Save the Children sem gefin var út í lok árs 2016, eiga enn um 28% barna í Evrópu á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun. Þetta eru rúmlega 25 milljónir barna. Ekkert Evrópuland er laust við barnafátækt og lítið hefur þokast í þá átt að uppræta fátækt í álfunni.

Meginorsök fátæktar er ójöfnuður sem hefur aukist í Evrópu. Um 10% heimila í Evrópu eiga 50% eigna. Velmegun er í boði fyrir sífellt færri. Færri fjölskyldur hafa möguleika á að veita börnum sínum gott líf. Afleiðingar efnahagskreppunnar á laun og kjör eru meðal annars þær að þrátt fyrir að foreldrar hafi atvinnu er það ekki trygging fyrir lífi án fátæktar. Stöðugur niðurskurður varð á framlögum til menntunar frá upphafi kreppu í öllum Evrópulöndum. Þau börn sem eru hve verst stödd verða enn frekar út undan hvað varðar menntun og tækifæri, heilsu og lífsfyllingu. Börn sem búa við fátækt eru líklegri til að búa áfram við fátækt sem fullorðnir einstaklingar og hefur það mjög afdrifarík áhrif á líf þeirra og framtíðarhorfur og þau standa höllum fæti.

**Algjörlega óásættanlegt**

Þrátt fyrir að á Íslandi sé jöfnuður hve mestur í Evrópu, eiga um 11% fullorðinna og 14% barna hér á landi á hættu að búa við fátækt og félagslega einangrun. Þetta eru meira en 10.000 börn. Það er algjörlega óásættanlegt í landi þar sem stjórnvöld berja sér á brjóst vegna mikils hagvaxtar og efnahagsleg uppgangs. Samkvæmt skýrslunni er Ísland eina land Norðurlanda þar sem börn eiga frekar á hættu að búa við fátækt en fullorðnir, sem gefur vísbendingu um að forgangsröðun sé ekki í þágu barna og fjölskyldna þeirra.

Flest ríki heims hafa undirritað barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem hefur einnig verið lögfestur á Íslandi. Samkvæmt sáttmálanum eiga öll börn rétt á að lifa og þroskast, að njóta besta mögulegs heilsufars og á gjaldfrjálsri grunnmenntun. Ekki má mismuna börnum hvað þessi réttindi varðar vegna stöðu þeirra eða foreldranna, svo sem vegna efnahags. Og minnumst þess að börn bera ekki ábyrgð á stöðu sinni.

Barnasáttmálinn kveður jafnframt á um ábyrgð og skyldur stjórnvalda um að uppfylla ákvæði hans. Stjórnvöld sem koma ekki í veg fyrir að börnum sé mismunað vegna efnahags foreldra og tryggja ekki að ekkert barn þurfi að búa við fátækt eru að vanrækja skyldur sínar.

Nú er lag stjórnvöld, nú er ekki kreppa og ekki hægt að nota slíkt sem afsökun fyrir að verja ekki auknu fé til málefna barna. Nú þarf að skila til baka því fjármagni sem skorið var niður vegna efnahagskreppunnar. Styrkja þarf grunnþjónustu við börn, mennta- og velferðarkerfið, tryggja gjaldfrjálsan grunnskóla, að öll börn fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á án endurgjalds og tryggja fjölskyldum sem eiga á hættu að búa við fátækt viðunandi framfærslu og örugga búsetu. Lengja þarf fæðingarorlof í 12 mánuði og tryggja öllum börnum þroskandi umhverfi að því loknu fram að grunnskóla.

Barnaheill - Save the Children á Íslandi hafa ítrekað skorað á stjórnvöld að gera áætlanir sem byggja á réttindum barna og skilningi á stöðu þeirra og þörfum og standa við skuldbindingar sínar. Barnaheill skora enn og aftur á stjórnvöld að forgangsraða í þágu velferðar barna og líta á fjármagn í þágu barna sem fjárfestingu. Slík fjárfesting skilar okkur betra, heilbrigðara og hamingjusamara samfélagi til langs tíma.

# *Leitar þú að góðu fólki?*

***Við útvegum hæfa starfskrafta til skemmri eða lengri tíma í flestar greinar atvinnulífsins.***

***Viðskiptavinir okkar geta sparað tíma, fjármuni og fyrirhöfn með því að nýta starfsmannaþjónustu Góðs Fólks. Við veitum alhliða starfsmannaþjónustu, þar með talið umsýsla vegna flutninga starfsmanna, tryggingamál, úthlutun kennitölu ásamt því að við veitum starfsfólki aðgang að húsnæði og farartæki sé þess óskað. Við erum rótgróið fyrirtæki þekkt fyrir skjót vinnubrögð og afburðarþjónustu í áratug.***

## GOTT FÓLK

STARFSMANNAVEITA



***www.gottfolk.is*** ***419 9000***




Gleðin var við völd hjá Stjörnustúlkum er þær fengu afhentan deildarmeistarabikarinn eftir magnaðan sigur á Fram í Safamýrinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# Við erum ekki orðnar saddar

**Stjarnan er deildarmeistari kvenna í handbolta eftir magnaðan sex marka sigur á Fram. Garðbæingar eru því búnir að vinna tvo stóra titla í vetur en Stjörnustúlkur eru ekki hættar og ætla sér meira.**

**HANDBOLTI** Fram var í kjörstöðu fyrir leikinn gegn Stjörnunni um helgina. Tveim stigum á undan og mátti tapa leiknum með fjórum mörkum og jafnvel fimm. Stjörnustúlkur vissu alveg hvað þær þurftu að gera og unnu leikinn með sex marka mun, 21-27, og tryggðu sér deildarmeistaratitilinn með stæl.

Helena Rut Örvarsdóttir skoraði markið mikilvæga undir lokin en hún fór á kostum í leiknum og skoraði níu mörk.




Helena sækir hér að marki Fram um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

### Einn okkar besti leikur

„Þetta var mjög góður leikur og einn sá besti hjá okkur í vetur. Mér leið vel alla vikuna og var klár í þennan slag. Við ætluðum okkur alltaf að ná þessu og það gekk sem betur fer eftir," segir Helena Rut en Stjörnustúlkur byrjuðu leikinn af krafti og leiddu með fimm mörkum í hálfleik.

„Við náðum að halda forskotinu út allan leikinn. Misstum bara niður í fjögur en komumst svo upp í sex. Fram fékk lokasóknina en mér fannst það ekkert standa tæpt frekar en allan leikinn. Vörnin hélt vel allan tímann og stelpurnar í markinu mjög góðar fyrir aftan. Það var svo ljúft að sjá boltann liggja í netinu hjá mér í lokamarkinu."

Stjarnan varð með þessum sigri tvöfaldur meistari í vetur en þær unnu einnig bikarkeppnina fyrr í vetur. Liðið er þó ekki búið að fá nóg. „Við erum ekki orðnar saddar og ætlum okkur alla leið. Ég hef ekki enn unnið Íslandsmeistaratitilinn. Hann er einn eftir og ég stefni á að fá hann núna. Við erum allar staðráðnar í að taka þennan titil," segir skyttan sterka en hvað gerir þetta Stjörnulið svona gott?

### Mikil breidd

„Við erum með rosalega góðan mannskap og mikla breidd. Eigum tvo frábæra markverði. Vörnin hefur verið góð og liðið hefur bætt sig jafnt og þétt í allan vetur. Breiddin er sterk og ef einhver finnur sig ekki þá er alltaf einhver önnur góð klár í að koma af bekknum."

Stjarnan mætir Gróttu í undanúrslitunum á meðan Fram spilar við Hauka. Stjarnan er búin að tapa fyrir Gróttunni tvö ár í röð í úrslitum Íslandsmótsins og er búið að tapa úrslitaeinvíginu fjögur ár í röð. Það á ekki að koma fyrir aftur.

### Nóg af silfri

„Ég er mjög spennt fyrir því að mæta Gróttu og við eigum heldur betur harma að hefna gegn þeim. Ég eiginlega get ekki beðið yfir páskana eftir að byrja. Ég held að þetta verði jafnt og spennandi einvígi. Þessi síðustu tvö ár sitja í okkur. Við erum vel stemmdar og ákveðnar í að komast áfram," segir Helena en Stjarnan og Fram voru yfirburðalið í deildinni í vetur. Flestir spá þar af leiðandi þeim í úrslitum en Helena segir að það sé ekkert gefið.

„Úrslitakeppnin er allt annað mót og allt öðruvísi. Stjarnan og Fram hafa samt sýnt sinn styrkleika en Fram hefur tapað gegn Haukum og við gegn Gróttu. Þau eiga því séns í þessi einvígi. Grótta nær alltaf góðum leik gegn okkur og ég á því von á mjög erfiðum leikjum. Eftir fjögur silfur í röð kemur samt ekkert annað til greina hjá okkur en gull."

### Festa sig í sessi með landsliðinu

Helena Rut hefur sífellt verið að bæta sinn leik og er lykilmaður í Stjörnuliðinu. Hún skoraði 112 mörk í deildinni og var markahæst Stjörnukvenna.

„Ég hef náð að bæta mig í ár sem er alltaf stefnan. Ég hef bætt leikskilninginn og er skynsamari í sókninni en áður. Ég er orðin fjölhæfari og farin að opna betur fyrir hinar í kringum mig," segir Helena en hún ætlar að festa sig í sessi með landsliðinu.

„Ég fékk tækifæri í síðasta landsliðsverkefni og það gekk ágætlega. Vonandi fæ ég fleiri tækifæri þar. Ég stefni alltaf lengra og langar að ná langt í íþróttinni. Vonandi næ ég að festa mig í sessi þar eftir að hafa verið inn og út úr hópnum."

Ef skyttan heldur áfram á sömu braut þá hljóta erlend lið að fara að banka á dyrnar.

„Það væri gaman að komast út. Ég ætla samt fyrst að vinna Íslandsmeistaratitilinn áður en ég reyni það. Vonandi gerist það í ár. Draumurinn er að komast út einhvern tímann. Mér líður samt vel í Stjörnunni og er ekki að hugsa um neitt annað en að vinna Íslandsmeistaratitilinn núna."

henry@frettabladid.is




Hamilton fagnar. NORDICPHOTO/GETTY

# Hamilton var fyrstur í mark

**F1** Önnur keppni ársins í Formúlu 1-kappakstrinum fór fram í Kína um helgina. Bretinn Lewis Hamilton á Mercedes varð fyrstur í mark eftir að hafa leitt frá upphafi.

Sebastian Vettel kom annar í mark á Ferrari-bíl sínum og Red Bull-ökumaðurinn, Max Verstappen, varð þriðji að þessu sinni. Hamilton og Vettel eru því efstir og jafnir í keppni ökuþóra eftir fyrstu mótin. Verstappen er þriðji.

Miðað við byrjun keppnistímabilsins þá stefnir í mikið einvígi á milli Hamilton og Vettel.

„Ég er gríðarlega spenntur fyrir framhaldinu því þessi barátta við Ferrari er raunveruleg. Þetta verður gaman," sagði Hamilton og er greinilega hæstánægður með mótspyrnuna frá Ferrari-mönnum.

Vettel var nokkuð sáttur en sagðist hafa verið óheppinn er öryggisbíllinn lokaði hann inni og setti hann í pakkann í stað þess að geta ekið Hamilton uppi.

„Eftir að ég losnaði úr lestinni náði ég að gera þetta spennandi og ef hlutirnir hefðu þróast aðeins öðruvísi hefði ég getað veitt Hamilton enn meiri keppni. Það kemur," sagði Vettel.

# ÓDÝR DEKK FYRIR ALLA

*Sólning boðar lækkað verð á dekkjum til frambúðar. Nú þarftu ekki lengur að flækjast á netinu eða fara um allan bæ í leit að ódýrari dekkjum. Þau eru í Sólningu.*

*Sími 544 5000 • Skútuvogur, Kópavogur, Hafnarfjörður, Njarðvík og Selfoss • solning.is*

**SÓLNING**

*Meira til skiptanna*

Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Sunderland - Man. Utd 0-3**
0-1 Zlatan Ibrahimovic (30.), 0-2 Henrikh Mkhitaryan (46.), 0-3 Marcus Rashford (89.).

**Everton - Leicester 4-2**
1-0 Tom Davies (1.), 1-1 Islam Slimani (4.), 1-2 Marc Albrighton (10.), 2-2 Romelu Lukaku (23.), 3-2 Phil Jagielka (41.), 4-2 Romelu Lukaku (57.).

**Tottenham - Watford 4-0**
1-0 Dele Alli (33.), 2-0 Eric Dier (39.), 3-0 Heung-Min Son (44.), 4-0 Heung-Min Son (55.).

**Man. City - Hull City 3-1**
1-0 Ahmed El Mohamady, sjm (31.), 2-0 Sergio Aguero (48.), 3-0 Fabian Delph (64.), 3-1 Andrea Ranocchia (85.).

**Middlesbr. - Burnley 0-0**

**Stoke - Liverpool 1-2**
1-0 Jonathan Walters (44.), 1-1 Philippe Coutinho (70.), 1-2 Roberto Firmino (72.).

**WBA - Southampton 0-1**
0-1 Jordy Clasie (25.).

**West Ham - Swansea 1-0**
1-0 Chekhou Kouyate (44.).

**Bournem. - Chelsea 1-3**
0-1 Adam Smith, sjm (17.), 0-2 Eden Hazard (20.), 1-2 Joshua King (42.), 1-3 Marcos Alonso (68.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 31 | 24 | 3 | 4 | 65-25 | 75 |
| Tottenham | 31 | 20 | 8 | 3 | 64-22 | 68 |
| Liverpool | 32 | 18 | 9 | 5 | 68-40 | 63 |
| Man. City | 31 | 18 | 7 | 6 | 60-35 | 61 |
| Man. Utd. | 30 | 15 | 12 | 3 | 46-24 | 57 |
| Arsenal | 29 | 16 | 6 | 7 | 61-36 | 54 |
| Everton | 33 | 15 | 9 | 8 | 57-36 | 54 |
| WBA | 32 | 12 | 8 | 12 | 39-41 | 44 |
| Southamp. | 30 | 11 | 7 | 12 | 37-37 | 40 |
| Watford | 31 | 10 | 7 | 14 | 36-52 | 37 |
| Leicester | 30 | 10 | 6 | 14 | 37-47 | 36 |
| Burnley | 32 | 10 | 6 | 16 | 32-44 | 36 |
| Stoke | 32 | 9 | 9 | 14 | 34-47 | 36 |
| West Ham | 32 | 10 | 6 | 16 | 42-57 | 36 |
| Bournem. | 32 | 9 | 8 | 15 | 45-59 | 35 |
| Crystal P. | 30 | 9 | 4 | 17 | 39-50 | 31 |
| Hull City | 32 | 8 | 6 | 18 | 33-64 | 30 |
| Swansea | 32 | 8 | 4 | 20 | 37-67 | 28 |
| Middlesbr. | 31 | 4 | 12 | 15 | 22-37 | 24 |
| Sunderland | 30 | 5 | 5 | 20 | 24-53 | 20 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**

Swansea City
**Gylfi Þór Sigurðsson**

Var sem fyrr í byrjunarliði Swansea sem tapaði gegn West Ham. Swansea er í erfiðum málum og í fallsæti.

Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**

Er meiddur og kom því ekki við sögu er Burnley gerði markalaust jafntefli gegn Middlesbrough.

Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**

Var í byrjunarliði Cardiff og lék allan leikinn er liðið vann Brentford, 2-1.

Wolverhampton Wanderers
**Jón Daði Böðvarsson**

Skoraði sitt fyrsta mark síðan í ágúst en það dugði ekki til sigurs. 3-1 tap.

Fulham
**Ragnar Sigurðsson**

Var ekki í leikmannahópi Fulham er liðið vann 3-1 sigur á Ipswich.

Bristol City
**Hörður B. Magnússon**

Sat á bekknum í 90 mínútur er Bristol vann Wolves.



**Tom Davies kom Everton yfir eftir aðeins 31 sekúndu gegn Leicester sem. Enginn skorað jafnsnemma leiks í ensku úrvalsdeildinni í vetur.** NORDICPHOTO/GETTY

# Ævintýri Shakespeare á enda

**Öll góð ævintýri verða einhvern tímann að enda og ótrúleg byrjun Leicester City undir stjórn Craig Shakespeare endaði á Goodison Park í gær. Everton tapar ekki leik á heimavelli og vann þann sjöunda í röð.**

**FÓTBOLTI** Leicester City var búið að vinna alla sex leiki sína undir stjórn Craig Shakespeare. Goodison Park var aftur á móti hindrunin sem Leicester komst ekki yfir.

Fyrri hálfleikurinn var ótrúleg skemmtun þar sem fyrsta markið kom á fyrstu mínútu. Það mark skoruðu heimamenn en það virtist eingöngu kveikja neistann hjá Leicester.

**Markaveisla**

Meistararnir svöruðu nefnilega með tveimur mörkum á sex mínútna kafla og komust yfir. Sveinar Shakespeare voru þó ekki lengi í paradís því Everton var komið í 3-2 fyrir hlé. Ótrúlegur hálfleikur.

Markahæsti leikmaður deildarinnar, Romelu Lukaku, afgreiddi síðan leikinn með sínu 23 marki í deildinni í vetur í síðari hálfleik.

Þessi sigur Everton var ekki síður merkilegur fyrir þær sakir að þetta var sjöundi heimaleikurinn í röð sem liðið vinnur.

„Við stóðum okkur mjög vel og þurfum að gera það sama er við spilum útileiki,“ sagði tveggja marka maðurinn, Romelu Lukaku.

**Vill berjast við Man. Utd**

„Við viljum berjast um sætin við Man. Utd og Arsenal. Þá verðum við að vinna fleiri leiki og ekki bara heimaleiki. Það var gott að spila með Ross Barkley í dag og hann bjó mikið til fyrir mig. Vonandi heldur þetta áfram hjá okkur.“

Þau voru þung og leiðinleg skrefin hjá Shakespeare eftir leikinn enda alltaf ömurlegt er sigurhrina tekur enda. Ekki heldur besti undirbúningurinn fyrir Meistaradeildarleikinn gegn Atletico Madrid í vikunni.

„Það eru erfiðir leikir fram undan þannig að við megum ekki dvelja við þennan leik of lengi,“ sagði Shakespeare eftir leikinn.

„Ég var mjög ósáttur við hvernig við höfum þennan leik en sýndum karakter með því að koma til baka. Það var samt svekkjandi að tapa leiknum að lokum á föstum leikatriðum. Við ræddum saman eftir leikinn og vitum að við verðum að vera grimmari í föstu leikatriðunum.“

**Elskar þessa stráka**

Shakespeare hristi aðeins upp í byrjunarliðinu fyrir leikinn en vildi ekki meina að það hafi komið niður á leik liðsins. Hann elskar sína drengi og hefur endalausa trú.

„Mér fannst það ekki trufla taktinn í leik liðsins. Við erum með sterkan hóp og ég hef mikla trú á öllum okkar leikmönnum. Við reyndum að vinna og verðum bara að sætta okkur við að það gekk ekki upp. Mér finnst ég hafa náð að setja mitt mark á liðið síðan ég tók við stjórnartaumunum. Þetta er einstakur hópur leikmanna sem ég fæ að vinna með og ég hef aldrei unnið með drengjum sem hafa eins gott viðhorf og strákarnir í þessu liði. Ég er afar stoltur af þeim öllum saman.“ **henry@frettabladid.is**

### Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Sigur West Ham á Swansea var gríðarlega mikilvægur. Kemur liðinu frá fallsvæðinu en skilur að sama skapi Swansea eftir í mjög erfiðum málum. Menn geta aðeins andað léttar hjá West Ham núna.

**Hvað kom á óvart?**
Það var fátt sem kom á óvart þessa helgina fyrir utan að Marouane Fellaini var gerður að fyrirliða Man. Utd. Í fyrsta skipti á ferlinum þar sem hann er fyrirliði. Fullt af fólki út um allan heim er enn að klóra sér í hausnum yfir þessari ákvörðun Jose Mourinho, stjóra Man. Utd.

**Mestu vonbrigðin**
Sunderland getur ekkert þessa dagana og hefur ekki skorað mark í yfir tíu klukkutíma. Hver getur kveikt neistann þar er erfitt að segja til um.

## Leikmaður helgarinnar



Romelu Lukaku getur ekki hætt að skora og skoraði tvö mörk er Everton stöðvaði sigurgöngu Leicester City. Það sem meira er þá var þetta sjöundi heimasigur Everton í röð.

Lukaku er langmarkahæstur í ensku úrvalsdeildinni með 23 mörk. Þremur mörkum meira en Harry Kane hjá Tottenham sem er næstmarkahæstur.

Ein magnaðasta tölfræðin hjá Lukaku í vetur er sú staðreynd að hann er búinn að skora marki meira en allt lið Middlesbrough í vetur. Lukaku er búinn að skora fleiri mörk á þessu ári en fimm lið í deildinni. Rosalegt. Hann hefur þess utan komið að 51 prósent allra marka Everton á leiktíðinni. Það verður ekki auðvelt fyrir Everton að halda framherjanum sem sjálfur vill komast annað.

Fólk
Heimili
MÁNUDAGUR 10. APRÍL 2017





Hægt er að gera góða rétti úr lambakjöti með framandi bragði.

Heimili ➔2




# Gerðu kröfur um góðar innihurðir

Egill Árnason ehf selur innihurðir frá þýska framleiðandanum Prum í hæsta gæðaflokki en þar má finna innihurðalausnir fyrir allar stærðir heimila, hótela og fyrirtækja.



**Hurðirnar hjá Agli Árnasyni er hægt að fá í um 30 mismunandi tegundum með viðaráferðum og harðplasti sem býður upp á mikla breidd í litum og áferð.**



Hljóðvist er mikilvæg í daglegu lífi og ekki síst þegar velja á innihurðir á heimili, hótel eða vinnustað.

Til eru innihurðir af öllum stærðum og gerðum og má þar nefna innihurðir með brunavörn, hljóðvörn, reykvörn, glerhurðir, rennihurðir, hótelhurðir og að sjálfsögðu stálhurðir, vottaðar af Mannvirkjastofnun.

„Hurðirnar er hægt að fá í um 30 mismunandi tegundum með viðaráferðum og harðplasti sem býður upp á mikla breidd í litum og áferð,“ segir Kári Sigurfinnsson, sölumaður hjá Agli Árnasyni.

### Hljóðvistin mikilvæg

„Hljóðvist er mikilvæg í daglegu lífi og ekki síst þegar velja á innihurðir á heimili, hótel eða vinnustað,“ segir Kári.

„Þegar kemur að vali á innihurðum er útlitið að sjálfsögðu mikilvægur þáttur, en það sem að þú sérð ekki er einnig mikilvægt. Fylling í hurðum er líklega það atriði sem flestir falla á, því freistingin að kaupa það sem er ódýrast getur oft verið sterk. Áður en innihurðir eru keyptar er mikilvægt að gera sér grein fyrir muninum á innihurðum með grindarfyllingu og heila fyllingu, en eins og sjá má á meðfylgjandi mynd er munurinn töluverður. Innihurðirnar frá Prum eru í hæsta gæðaflokki og því allar með heilli fyllingu sem er boruð til að auðvelda umgengni um hurðina.“

### Fellibröskuldur

„Fellibröskuldur er viðbót í hurðum sem margir eru farnir að nota, en hann fellur niður þegar hurðinni er lokað og því þarf ekki þröskuld til að hámarka hljóðeinangrun hurðarinnar. Hægt er að fá fellibröskulda í flestar tegundir innihurða og þar með talið í sérstakar brunavarnahurðir á stigaganga eða fyrir hótel.“

Hafðu samband við sölumann í síma 595-0500 fyrir nánari upplýsingar eða kíktu við á www.egill-arnason.is/hurdir

Egill Árnason






Lambakarrý með sveppum og spínati bregst ekki á virku kvöldi. MYND/MARKAÐSRÁÐ LAMBAKJÖTS




# Gott á virkum degi

Herferðin Icelandic Lamb á vegum Markaðsráðs kindakjöts hefur m.a. vakið athygli á samfélagmiðlum fyrir girnilegar, stundum óvenjulegar og alltaf bragðgóðar uppskriftir, unnar úr ýmsum hlutum lambsins. Þar er ýmist verið að leika sér með þá hluta lambsins sem sjaldnar er matreiddur í dag eða ný krydd og meðlæti er prófuð með góðum árangri.

Hér birtum við eina bragðgóða uppskrift þar sem gamla góða lambakjötið fær að njóta sín með skemmtilegum karrýkeim. Kókosmjólk, límónusafi, kormamauk og spínatlauf koma m.a. þar við sögu.



## Lambakarrý með sveppum og spínati

**1 msk. olía**
**1 laukur**
**500 g lambagúllas**
**200 g sveppir**
**5 msk. kormamauk**
**4 dl kókosmjólk**
**2 dl grænmetissoð**
**200 g spínatlauf**
**safi úr 1 límónu**
**4 msk. grísk jógúrt**
**hrísgrjón**

Byrjið á því að hita olíuna á pönnu. Saxið laukinn smátt og steikið hann við meðalhita, eða þar til hann er orðinn mjúkur. Takið þá laukinn af pönnunni, hækkið hitann og brúnið lambagúllasið í nokkrar mínútur. Lækkið hitann aftur, bætið lauknum út á pönnuna ásamt sveppum og kormamaukinu. Steikið kjötið í um það bil mínútu til viðbótar.

Bætið næst kókosmjólkinni út í ásamt grænmetissoðinu, lækkið hitann og látið krauma í 30 mínútur eða þar til sósan hefur þykknað og kjötið er orðið mjúkt. Hrærið spínatinu út í að lokum, kreistið límónusafann yfir og hrærið jógúrtina saman við allt saman.



Berið fram með hrísgrjónum.

# Fasteignir.is

Vísir.is
FRÉTTABLAÐIÐ

15. TBL. MÁNUDAGUR 10. APRÍL 2017

heimili fasteignasala
– á traustum grunni



Bogi Pétursson lögg.fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali
Brynjólfur Snorrason
Gunnlaugur A. Björnsson
Ásdís Írena Sigurðardóttir
Hafdís Una Guðnýjardóttir lögfræðingur
Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500

**Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð**



**Ingólfur Geir Gissurarson**
Framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali og leigumiðlari
**896 5222**

**Heiðar Friðjónsson**
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
**693 3356**

**Herdís Valb. Hölludóttir**
Lögfræðingur og löggiltur fasteignasali
**694 6166**

**Úlfar F. Jóhannsson**
hdl. Lögfræðingur. Löggiltur Fasteignasali. Skjalagerð.

**Margrét Sigurgeirsdóttir**
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
**588 4477**

**Pétur SteinarJóhannsson**
Aðstoðarm. fasteignasala Snæfellsnesi
**893 4718**

**Anna F. Gunnarsdóttir.**
Lita og innanhús Stílisti.
Í Löggildingarnámi
**892 8778**

**Sturla Pétursson**
Löggiltur fasteignasali
**899 9083**

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

VALHÖLL FASTEIGNASALA Síðan 1995

*Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!*

Síðumúla 27 | Sími 588 4477 | www.valholl.is

# Opið hús á Aflagranda

Fasteignamarkaðurinn hefur til sölu efri sérhæð að Aflagranda 3.



Hæðin er 137,3 fermetrar, fjögurra til fimm herbergja með gluggum í þrjár áttir og allt að fimm metra lofhæð. Auk þess er 19,3 fermetra bílskúr. Hæðin er björt og vönduð og er í nýviðgerðu og máluðu þríbýlishúsi á eftirsóttum stað í vesturbæ Reykjavíkur.
Gengið er inn um sérinngang á 1. hæð og þaðan er stigi með stórum glugga upp á efri hæð. Forstofa er með fatahengi, hol er parketlagt, baðherbergi er flísalagt í gólf og veggi með breiðu baðkeri og tvöfaldri sturtu. Geymsla er með ruslalúgu niður í ruslageymslu hússins.

Hjónaherbergi er rúmgott með fataherbergi, stofan er stór og björt með útgengi á rúmgóðar svalir til suðvesturs.

Eldhús er opið við rúmgóða borðstofu, með vönduðum eikarinnréttingum, eyju og graníti á borðum.

Barnaherbergi eru tvö, bæði parketlögð. Þvottaherbergi er með glugga. Geymsluloft með góðri lofhæð er yfir hjónaherbergi. Ástand hússins er gott. Það var viðgert og málað árið 2016 auk þess sem allt tréverk og járn á þaki var málað. Svalahandrið voru yfirfarin og endurbætt auk þess sem útitröppur voru lagfærðar.

***Opið hús verður í Aflagranda 3 mánudaginn 10. apríl frá kl. 17.15 til 18.***

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**



**Einar Páll Kjærnested**
**lögg. fasteignasali.**
**einar@fastmos.is**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Klukkurimi 19 - 112 Reykjavík




Falleg og björt 101,5 m2, 4ra herbergja endaíbúð með sérinngangi á 3. hæð. Gott skipulag og fallegt útsýni. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, forstofu, hol, eldhús og stofu. Sérgeymsla á jarðhæð ásamt sameiginlegu þurkherbergi og rúmgóðri hjólageymslu. Búið er að endurnýja baðherbergi og nýlegt parket. **V. 42,5 m.**

## Klukkurimi 1 - 112 Reykjavík




Björt og vel skipulögð íbúð á jarðhæð: 86,6 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í fjóbýlishúsi við Klukkurima 1 í Garfarvogi. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofuhol, baðherbergi, eldhús, stofu og sér geymslu innan íbúðar. Sameiginleg geymsla á jarðhæð. **V. 37,7 m.**

## Ástu-Sólliljugata 32 - 270 Mosfellsbær




Nýtt fullbúið 179,8 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. Eignin er skráð 179,8m2, þar af er bílskúr 28,7 m2. Á jarðhæð eru 2 svefnherbergi, baðherbergi, þvottaherbergi og fataherbergi. Á efri hæðinni er bílskúr, forstofa, geymsla, gestasnyrting, eldhús og stofa. **V. 67,9 m.**

## Hrísateigur 18 - 105 Reykjavík




4ra herbergja íbúð, ásamt herbergi í risi og bílskúr við Hrísateig 18 í Reykjavík. Eignin er skráð 114,2m2, þar af íbúð á hæð 72,6 m2, íbúðarherbergi í risi 14,2 m2 og bílskúr 27,4 m2. íbúðin skiptist í þrjú herbergi, forstofugang, baðherbergi, eldhús og stofu. Íbúðarherbergið er rúmgott og bílskúrinn er með rafmagni og hita. **V. 44,9 m.**

## Fífusel 12 - 109 Reykjavík




99,9 m2, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í þriggja hæða fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í þrjú herbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla í kjallara. **V. 34,9 m.**

## Vesturbraut 13 - 220 Hfj.




Öll eignin við Vestubraut 13 í Hafnarfirði samtals skráð 355,4 m2. Í dag er búið er að innrétta eignina í fjórar íbúðir með sérinngangi og tvöfaldur bílskúr. **V. 89,0 m.**

## Asparteigur 5 - 270 Mosfellsbær




Glæsilegt 223,5 m2 parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Góð staðsetning miðsvæðis í Mosfellsbæ. Stutt í alla helstu þjónustu. Fallegar innréttingar og gólfefni. Gólfhiti. Góð lofthæð og stórir gluggar sem gerir eignina bjarta og skemmtilega. Suðurgarður með timburverönd og geymsluskúr. Hellulagt bílaplan með snjóbræðslu. **V. 82,9 m.**

## Veröld við Hafravatn




Fallegt 99,6 m2 heilsárshús við Hafravatnsveg, með miklu útsýni, rétt við Hafravatn í Mosfellsbæ. Húsið stendur á afskaplega fallegum stað upp í hlíðum Hafrafells, rétt ofan við Hafravatnsveg. Húsið er byggt úr timbri við steinsteypt jarðhýsi sem er fellt inn í landhallann. Gólf og pallar standa á steyptum súlum. **V. 44,9 m**.

## Laxatunga 104 - 270 Mosfellsbær



Raðhús í byggingu við Laxatunga 104 í Mosfellsbæ. Eignin afhendist á byggingarstigi 4, skv. skilalýsingu verktaka. Birt stærð er 167,1 m2, þar af er íbúðarhluti 139,2 m2 og sambyggður bílskúr 27,9 m2. Gert er ráð fyrir þremur svefnherbergjum, baðherbergi, geymslu, eldhús og stofa liggja saman í opnu rými með mikilli lofthæð. Afhending í maí/júní 2017. **V. 45,0 m.**

## Vefarastræti 19 – Nýtt fjölbýlishús




Við vorum að fá í sölu vel skipulagða 3-4ra herbergja íbúð á 3ja hæð, með bílastæði í bílakjallara, í byggingu í lyftuhúsi í Helgafellshverfinu í Mosfellsbæ. Íbúðin skilast fullbúin með HTH innréttingum, gólfefni eru harðparket og flísar. Afhending 30. September.**V. 43,9 m.**

## Vefarastræti 7-13 - Nýtt fjölbýlishús




Vel skipulagðar 125,5 m2, 5 herbergja íbúðir, með bílastæði í bílakjallara, í byggingu í lyftuhúsi við Vefarastræti 7-13 í Helgafellshverfinu í Mosfellsbæ. Íbúðir skilast fullbúnar með HTH innréttingum, án gólfefna, en gólf baðherbergis/þvottaherbergis eru flísalögð. Afhending í janúar 2018. **V. 48,5-49,5 m.**

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

## 535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


**AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR**
B.E.d.
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2495


**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON**
Lögfræðingur,
Aðstm. fasteignasala
GSM 660 4777


**HRAFNTINNA VIKTORÍA KARLSDÓTTIR**
Lögfræðingur B.A.,
Löggiltur fasteignasali
GSM 820 4242


**EDWIN ÁRNASON**
Löggiltur fasteignasali
GSM 893 2121


**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


**JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166


**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Skrifstofustjóri,
Aðstm. fasteignasala
GSM 690 4966


**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
Rekstrarhagfræðingur
Aðstm. fasteignasala
GSM 663-2508


**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314

## GOÐHEIMAR 19, 104 REYKJAVÍK — 67.5M




**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 11. apríl. kl. 17:30-18:00. Falleg 177,5 fermetra efri sérhæð ásamt bílskúr á rólegum stað í Vogahverfi. Hús og íbúð í góðu ástandi. Eignin skiptist í neðri forstofu, stigapall, parketlagt hol, fjögur herbergi þrjú með fataskápum og parketi, tvö flísalögð baðherbergi, opið eldhús með vönduðum innréttingum og gaseldavél, þvottahús og tvær samliggjandi stofur. Tvennar svalir, frá stofu og herbergi.

## SELVAÐ 1, 110 REYKJAVÍK - NORÐLINGAHOLT — 44.5M




**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508**

OPIÐ HÚS miðvikudaginn 12. apríl. kl. 17:30-18:00. Mjög skemmtileg 105,6 fermetra þriggja til fjögurra herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi. Tvö rúmgóð herbergi með skápum, þriðja herbergið minna. Parket á gólfum, opið, mjög skemmtilegt eldhús, forstofa með skáp og flísum á gólfi, þvottahús inn af forstofu. Stórar suðursvalir. Bílastæði í kjallara ásamt geymslu.Bílastæði í kjallara ásamt geymslu. Göngustígar frá húsinu til allra átta.

## SKÓGARVEGUR 12-14, 108 REYKJAVÍK — VERÐ FRÁ: 63.8M



**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

OPIÐ HÚS mánudaginn 10. apríl. kl. 17:30-18:00. Virkilega falleg og vönduð 121,4 fm 3ja herbergja íbúð á 1.hæð með verönd til suðurs. Stæði í bílageymslu. Tilbúin til afhendingar.

## BOÐASLÓÐ 18, 900 VESTMANNAEYJAR — 45.5M



**AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR / 893 2495**

HEIL HÚSEIGN Í VESTMANNAEYJUM - FRÁBÆRT TÆKIFÆRI
Fallegt og mikið endurnýjað 272,2 fm. einbýlishús á þremur hæðum í Vestmannaeyjum. Fimm svefnherbergi, 2 baðherbergi.

## KÁRSNESBRAUT 106, 200 KÓPAVOGUR — 19.9M




**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

OPIÐ HÚS mánudaginn 10. apríl. kl. 17:30-18:00. Studioíbúð á 3. hæð 37,6 m2. Herbergi/stofa með eldhúskrók: Plastparket á gólfi og flísar við inngang, útgengt á svalir. Baðherbergi með sturtuklefa.

## STÚFHOLT 1, 105 REYKJAVÍK — 44.9M



**EINAR S. VALDIMARSSON / 840 0314**

89,9 fm. 3ja - 4ra herbergja íbúð á 2. hæð. Hol, stofa, tvö herbergi og bað með tengi fyrir þvottavél. Aukaherbergi á gangi á hæðinni.

## VEFARASTRÆTI 7-11, 270 MOSFELLSBÆR — 44.9M



Vandaðar íbúðir í nýju fallegu þriggja hæða fjölbýlishúsi. Dæmi um íbúð: 4ra herbergja 112,3 fermetra íbúð á þriðju hæð. Bílastæði í bílakjallara fylgir eigninni. Innréttingar frá HTH. Afhending jan 2018.

## LAUGARNESVEGUR 66 , 105 REYKJAVÍK — 34.5M




**HRAFNTINNA KARLSDÓTTIR / 820 4242**

OPIÐ HÚS mánudaginn 10. apríl. kl. 17:00-17:30. Þriggja herbergja risíbúð í þríbýlishúsi. Íbúðin skiptist í forstofu, tvö svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, borðstofu, stofu og svalir. Frábært staðsetning.

## BERGSTAÐASTRÆTI 15, 101 REYKJAVÍK — 73.9M



145,1 fm. 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum með sérinngangi. Sér verönd og sér bílastæði inni á lóð. Frábær staðsetning í hjarta borgarinnar.

## Í EFRI BYGGÐUM KÓPAVOGS

Nýjar glæsilegar 2-4 herbergja íbúðir í lyftuhúsi. Stórar svalir og mikið útsýni. Til afhendingar í desember, fullbúnar með tækjum og gólfefnum. Góð kaup.

## MIÐBÆR HAFNARFJARÐAR

Nýjar 2-3ja herbergja íbúðir í lyftuhúsi í miðbæ Hafnafjarðar. Afhendast fljótlega fullbúnar og með gólfefnum. Mjög skemmtileg hönnun.

## VANDAÐ RAÐHÚS Í SELÁSHVERFI

- Stórt hús á tveimur hæðum
- Gott útsýni
- Stór bílskúr
- Húsið fæst eingöngu í skiptum fyrir góða íbúð í Norðlingaholti

Allar upplýsingar veitir Ólafur H. Guðgeirsson, MBA, nemi lgf. í síma 663-2508 eða olafur@stakfell.is

*GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI*

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

**Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík**


Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali


2014 – 2016 Framúrskarandi fyrirtæki










**Jón Guðmundsson** Lögg. fasteignasali jon@fastmark.is

**Guðmundur Th. Jónsson** Lögg. fasteignasali gtj@fastmark.is

**Heimir Fannar Hallgrímsson** hdl. og lögg. fasteignasali heimir@fastmark.is

**Elín D. Wyszomirski** Lögg. fasteignasali elin@fastmark.is

**Magnús Axelsson** Lögg. fasteignasali magnus@fastmark.is

**Gísli Rafn Guðfinnsson** Aðstoðarmaður fasteignasala gisli@fastmark.is

**Hallveig Guðnadóttir** Skrifstofustjóri hallveig@fastmark.is


## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

### Kelduland 5. 2ja herbergja íbúð- verönd til suðurs




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.00 – 17.30

Falleg 2ja herbergja 57,9 fm. íbúð á jarðhæð að meðt. sér geymslu í einu af þessu eftirsóttu fjölbýlishúsum í Fossvoginum.

Björt stofa og rúmgott svefnherbergi með góðum gluggum til suðurs. Eldhús opið við stofu.

Hellulögð verönd og sér garður til suðurs.

**Verð 31,9 millj.**

### Aflagrandi 3 – sérinngangur




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 18.00

Stórglæsileg, björt og vel skipulögð 137,3 fm. íbúð með sérinngangi í 6 íbúða húsi auk innbyggðs 20,0 fm. bílskúrs á frábærum stað í vesturbænum. Eignin, sem er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan hátt skiptist m.a. í glæsilegar stofur með rúmgóðum svölum til suðvesturs, mjög vandað baðherbergi, hjónaherbergi með fataherbergi innaf, tvö barnaherbergi, eldhús og sér þvottaherbergi. Allt að 4,0 metra lofthæð er í eigninni. **Sjón er sögu ríkari.**

**Verð 74,9 milljónir.**

### Hvassaleiti 23. Endaraðhús




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 18.00 – 18.30

Gott 258,1 fm. endaraðhús, kjallari og tvær hæðir ásamt innbyggðum 20,0 fm. bílskúr miðsvæðis í Reykjavík. Búið er að endurnýja m.a. eldhús, bæði baðherbergi, rafmagn og alla ofna. Stofa með útgengi á yfirbyggðar flísalagðar svalir til vesturs. Borðstofa. Sex herbergi.

**Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu, skóla og leikskóla.**

**Verð 76,9 millj.**

### Súlunes 14 – Garðabæ. Efri sérhæð.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Stórglæsileg 176,8 fm. 6 herbergja efri sérhæð í tvíbýlishúsi á Arnarnesi auk 37,2 fm. tvöfalds bílskúrs. Aukin lofthæð er í eigninni, gólfhiti, vandaðar innréttingar og tæki og extra háar innihurðir. Fjögur herbergi. Útsýni til sjávar úr stofum og gert ráð fyrir arni. Hiti er í tröppum upp á hæðina. Húsið var málað að utan árið 2015. Stór steypt innkeyrsla og fjölda bílastæða. Gluggar eru allir úr áli og viðhaldsfríir. Baklóðin er að mestu villtur mói, sem þarfnast ekki viðhalds.

**Verð 84,9 millj.**

### Óðinsgata 20B. 2ja herbergja íbúð. Sérinngangur.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

52,4 fm. kjallaraíbúð að meðtaldri geymslu 1,5 fm. og þvottahúsi 3,2 fm. með sérinngang á frábærum stað í miðborginni. Búið að endurnýja skólplagnir og brunn á lóð. Snyrtileg sameign og sameiginlegur garður. Frábær staðsetning þar sem miðbærinn er í göngufæri.

**Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 27,9 millj.**

### Rauðalækur 13. 3ja herbergja íbúð – sérinngangur.




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45

Björt og afar falleg 79,8 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi og góðri verönd til suðvesturs í fjórbýli við Rauðalæk. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á undanförnum árum m.a. var eldhús endurnýjað að öllu leyti árið 2016 og baðherbergi var endurnýjað fyrir um 6 árum síðan. Auk þess hefur verið skipt um gólfefni, hurðir innan íbúðar og hluta af ofnakerfi og gluggum. Húsið er nýlega múrviðgert og málað ásamt því að skipt var um þak og rennur.

**Verð 41,9 millj.**

### Stóragerði. Neðri sérhæð ásamt bílskúr.



Afar falleg 164,5 fm. neðri sérhæð að meðtöldum 28,1 fm. bílskúr á þessum eftirsótta stað. Eignin skiptist í forstofu, svefngang, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, eldhús, þvottahús, borðstofu og stóra stofu. Suðursvalir eru út frá stofu. Mjög gott skipulag og stórir gluggar sem hleypa inn góðri birtu. Húsið var múrviðgert og málað fyrir þremur árum síðan.

Búið er að endurnýja m.a. gólfefni, baðherbergi og tæki í eldhúsi.

**Verð 63,9 millj.**

### Langalína - Garðabæ. Íbúð á einstökum útsýnisstað.



Björt og vel skipulögð 3ja herbergja 152,1 fm. íbúð á jarðhæð í Sjálandi auk bílskúrs innaf bílskýli í kjallara eignarinnar. Sér 11,5 fm. geymsla er í kjallara hússins. Búið er að yfirbyggja ca 20fm garðskála sem er ekki inni í skráðum fermetrum. Allar innréttingar eru samræmdar í eigninni. Stofan er mjög stór og með gólfsíðum gluggum að hluta og útbyggðum setkrók við sjóinn og rúmar auðveldlega bæði borð- og setustofu. Hjónaherbergi með stóru fataherbergi innaf með miklum innréttingum.

**Verð 84,9 millj.**

### Bakkabraut – Kópavogi. Iðnaðarhúsnæði.



128,6 fm. iðnaðarhúsnæði á einni hæð með mikilli lofthæð og góðum innkeyrsludyrum á Kársnesinu í Kópavogi. Á teikningum er gert ráð fyrir 22,7 fm. millilofti en það hefur aldrei verið sett upp og eignin er því í dag 128,6 fm. að stærð. Húsnæðið er með allt að 7,5 metra lofthæð í mæni og er einn stór salur með innkeyrsludyrum frá vestri og með gluggum til austurs. Mjög góð aðkoma er að húsinu og malbikað rúmgott plan.

**Verð 34,9 millj.**

### Vatnagarðar. Iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði



Gott iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði á tveimur hæðum með fjórum til fimm innkeyrsludyrum við Vatnagarða í Reykjavík. Nýr 10 ára leigusamningur er í gildi um allt hið selda við mjög traustan aðila. Um er að ræða tvo eignarhluta, sem báðir eru á tveimur hæðum.

**Eignin hefur mikið auglýsingagildi þar sem hún stendur við Sæbrautina.**

**Lóðin er fullfrágengin með malbikuðu plani með góðum bílastæðum og góðri aðkomu.**

# EIGNAMIÐLUN

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957



**Sverrir Kristinsson** *Lögg. fasteignasali* · **Guðmundur Sigurjónsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali* · **Kjartan Hallgeirsson** *Lögg. fasteignasali, framkvæmdastjóri* · **Þórarinn M. Friðgeirsson** *Lögg. fasteignasali, sölustjóri* · **Magnea S. Sverrisdóttir** *MBA, lögg. fasteignasali* · **Hilmar Þór Hafsteinsson** *Lögg. fasteignasali, lögg. leigumiðlari* · **Reynir Björnsson** *Hagfræðingur, lögg. fasteignasali* · **Guðlaugur I. Guðlaugsson** *Lögg. fasteignasali* · **Brynjar Þ. Sumarliðason** *BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast.s.* · **G. Andri Guðlaugsson** *Lögfræðingur, lögg. fasteignasali* · **Gunnar Jóhann Gunnarsson** *Hdl., lögg. fasteignasali* · **Daði Hafþórsson** *Aðstoðarm. fast.s.* · **Davíð Jónsson** *Aðstoðarm. fast.s.* · **Jóhanna Valdimarsdóttir** *Gjaldkeri* · **Elín Þorleifsdóttir** *Ritari* · **Ásdís H. Júlíusdóttir** *Ritari* · **Anna M. Sigurðardóttir** *Ritari*

## JÖTNABORGIR 12, 112 REYKJAVÍK








Samtals 174,1 fm 5 herbergja endaíbúð með bílskúr við Jötnaborgir (íbúð 146,3 fm og bílskúr 27,8 fm). Innangengt í bílskúr. Stofa, 4 svefnherbergi og tvö baðherbergi. Afgirtur ca 40 fm pallur til suðurs. Sér inngangur af svalagangi. Örstutt í góðan grunn og leikskóla og aðra mjög góða þjónustu. Mjög gott útsýni.

**Opið hús þriðjudaginn 11. apríl milli 17:15 og 17:45 (íbúð 204).** **V. 54,5 m.**

## LITLIKRIKI 76, 270 MOSFELLSBÆR





Glæsileg fullbúin 5 herbergja 155,7 fm endaíbúð á 2.hæð (jarðhæð að sunnanverðu) ásamt stóru stæði í bílskýli í nýlegu lyftuhúsi. Íbúð 147,7 og geymsla 8,2 fm. Vandað álklætt lyftuhús á frábærum stað í Krikahverfi í Mosfellsbæ rétt ofan við Krikaskóla og steinsnar frá miðbæ Mos. 4 góð svefnherbergi, tvö baðherbergi, rúmgott þvottahús, eldhús með góðum borðkrók og samliggjandi stofur. Sérafnotareitur til suðurs. Mjög gott útsýni.

**V. 59,8 m.**

## SÍLAKVÍSL 12, 110 REYKJAVÍK






Mjög gott raðhús á tveimur hæðum samtals 100,3 fm. Einstaklega vel skipulagt og mikið yfirfarið hús á frábærum stað með suðurverönd (möguleiki á heitur pottur fylgi). 3 svefnherbergi. Endurnýjað eldhús og fl. Mjög góð staðsetning í grónu hverfi. **Opið hús mánudaginn 10. apríl milli 17:15 og 17:45.** **V. 48,5 m.**

## STUÐLABERG 60
### 221 HAFNARFJÖRÐUR



Sérlega vandað og vel skipulagt 203 fm parhús, þar af 18 fm sérstæður bílskúr. Um er að ræða hús á tveimur hæðum auk rishæðar. Húsið stendur á jaðarlóð og er útsýni sérstaklega fallegt. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu, sjónvarpshol og fjögur herbergi. Í risi er einnig bjart og gott hol. Timburverönd í garði. **V. 71,9 m.**

## AUSTURSTRÖND 2
### 170 SELTJARNARNES



Mjög falleg og rúmgóð 3ja herb. íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi við Austurströnd 2 á Seltjarnarnesi (gengið niður eina hæð frá inngangi). Mjög stórar svalir. Stæði í bílageymslu. Samtals 110,3 fm, íbúðarrými 86,5 fm og bílastæði 23,8 fm. Glæsilegt útsýni m.a. sjávar og fjallasýn. Örstutt í skóla, leikskóla og þjónustu.**V. 44,9 m.**

## STÓRAGERÐI 20
### 108 REYKJAVÍK



Falleg 90,1 fm 3ja herbergja íbúð á 1. hæð við Stóragerði í Reykjavík. Íbúðin skiptist m.a. í stofu, borðstofu og tvö herbergi. Svalir til suðurs. Fyrir þremur árum var skipt um járn og pappa á þaki ásamt því var húsið málað að utan.**V. 39,5 m.**

## HJARÐARHAGI 11
### 107 REYKJAVÍK




Frábærlega staðsett ca 115 fm 4-5 herbergja íbúð á 2. hæð í litlu fjölbýli með stæði í bílageymslu. Rúmgóð og björt stofa með tvennum svölum, snyrtilegt eldhús og þrjú svefnherbergi. Möguleiki er að bæta við fjórða svefnherberginu inn af stofu. Stutt á Háskólasvæðið og miðborgina. **Opið hús þriðjudaginn 11. apríl milli 17:15 og 17:45.** **V. 50,5 m.**

## SNORRABRAUT 73
### 105 REYKJAVÍK



Falleg 85,5 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð (efstu hæð). Íbúðin skiptist m.a. í tvær stofur, tvö herbergi, baðherbergi og eldhús. Svalir. Nýtt endurnýjað eldhús. Góð lofthæð í íbúðinni. Góð staðsetning og stutt í alla helstu Þjónustu. **V. 43,9 m.**

## BARÐAVOGUR 21
### 104 REYKJAVÍK




Góð 2ja herbergja 56,9 fm íbúð á 1. hæð (jarðhæð) í litlu þríbýlishúsi við Barðavog 21 í Reykjavík. Stofa er með útgangi út á stóra verönd til suðurs. Eldhúsið er opið inní stofuna. Parket á gólfum. Björt og falleg íbúð. **V. 30,5 m.**
**Opið hús þriðjudaginn 11. apríl milli 17:15 og 17:45.**

## SUÐURHÓLAR 35B
### 111 REYKJAVÍK



Mjög góð 2-3ja herbergja íbúð á jarðhæð í fallegu klæddu fjórbýlishúsi frá 2007. Sérinngangur. Tvö svefnherb. (eitt samkvæmt teikn). Mjög góðar innréttingar, flísal. baðherb. með tengi f.þvottav. Sérafgirt hellulögð verönd. **V. 34,9 m.**

## FROSTAFOLD 24
### 112 REYKJAVÍK




3ja herbergja 86,6 fm útsýnisíbúð á efstu hæð í mjög vel staðsettu litlu fjölbýlishúsi ásamt stæði í bílskýli. Glæsilegt útsýni yfir borgina og víðar. Mjög gott skipulag íbúðar. Góðar flísalagðar svalir. Snyrtileg sameign. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Opið hús mánudaginn 10. apríl milli 17:15 og 17:45 (íbúð 0303).** **V. 41,9 m.**

## LINDARVAÐ 17, 110 REYKJAVÍK




Glæsileg og vel staðsett 4ra herbergja 124,6 fm neðri sérhæð við Lindarvað í Reykjavík. Rúmgóð og björt stofa og borðstofa með útgangi út á stóra suðvestur verönd og garð með skjólveggjum. Gólfsíðir fallegir gluggar í stofum. Þrjú svefnherbergi. Sér inngangur. Í göngufæri frá eigninni er Norðlingaskóli. Þá er stutt í fallegar gönguleiðir við Elliðavatn og Heiðmörk. Falleg eign sem vert er að skoða. **Opið hús mánudaginn 10. apríl milli 17:15 og 17:45.** **V. 49,9 m.**

## MÝRARGATA 26, 101 REYKJAVÍK




Glæsileg 161,6 fm 5 herbergja útsýnisíbúð á 5. hæð í nýlegu og glæsilegu lyftuhúsi við Reykjavíkurhöfn, Mýrargötu 26. Stæði í lokaðri bílageymslu. Stofa/borðstofa, fjögur herbergi og tvö baðherbergi. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Góðir svalir. Gólfsíðir gluggar í stofum. Glæsilegt útsýni yfir Reykjavíkurhöfn, til sjávar og yfir Esjuna. **Nánari uppl. veita: Davíð Jónsson aðstoðamaður fasteignasala í síma 697-3080 / 588-9090, david@eignamidlun.is og Kjartan Hallgeirsson löggiltur fasteignasali í síma 588-9090, kjartan@eignamidlun.is. Sjá myndir inná eignamidlun.is**
**Opið hús mánudaginn 10. april milli 17:15 og 17:45. V. 112 m.**

## VATNSSTÍGUR 20-22, 101 REYKJAVÍK






Ný og glæsileg 4ja herbergja 173,6 fm íbúð á 6. hæð í lokaáfanga Skuggahverfis við Vatnsstíg. Íbúðin skilast fullbúin án gólfefna. Svalir til suðurs. Skuggahverfi er vinsælt hverfi á einum besta útsýnisstað borgarinnar, með útsýni yfir miðborgina og út á Faxaflóann. Stutt er í iðandi mannlíf og þjónstu. **Nánari uppl. veitir Guðlaugur Ingi Guðlaugsson lögg. fasteignsali s: 864-5464 / 588 9090. Opið hús mánudaginn 10. apríl milli 17:15 og 17:45 (íbúð 601). V. 134,9 m.**

## TIL LEIGU - SKÚTUVOGUR





